

**VIÐAUKI II
VIÐ ÚRSKURÐ
ÓBYGGÐANEFNDAR**

Mál nr. 1/2014

Landsvæði milli Hítarvatns og Fossdalsár



21. júní 2019

EFNISYFIRLIT

1 Úrlausnarefni, skipan og aðild	1
2 Mál nr. 1/2014 endurupptekið	1
3 Niðurstaða	6
3.1 Veiðiréttur fyrir norðurbakka Langár	6
3.2 Beitaréttur og afréttarnot í Langavatnsdal	17
3.3 Um málskostnað	23
4 Úrskurðarorð	24
Fylgiskjal: Skjalaskrá	25

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Föstudaginn 21. júní 2019 er tekið fyrir endurupptekið mál nr. 1/2014, landsvæði milli Hítarvatns og Fossdalsár, og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Ása Ólafsdóttir, formaður óbyggðanefndar, Allan V. Magnússon varaformaður og Hulda Árnadóttir.

Aðilar máls eru:

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Andri Andrason lögmaður.)

Sveitarfélagið Borgarbyggð vegna fjallendis Hraunhrepps (Hítardalsfjallendis), fjallendis Álftaneshrepps (Álftaneshreppslands), fjallendis Borgarhrepps (Borgarhreppslands), Staðartungu og Beilárheiðar.

Guðmundur Freyr Geirsson vegna Ytri-Hrafnabjarga.

(Friðbjörn E. Garðarsson lögmaður.)

Soffía Ingibjörg Guðmundsdóttir og Þorsteinn Einarsson vegna Fremri-Hrafnabjarga.

2 MÁL NR. 1/2014 ENDURUPPTEKIÐ

Úrskurður í máli nr. 1/2014, landsvæði milli Hítarvatns og Fossdalsár, var kveðinn upp 11. október 2016. Málið var eitt af fimm málum sem óbyggðanefnd hafði til meðferðar á svonefndu svæði 8B, þ.e. Mýra- og Borgarfjarðarsýslu að undanskildum fyrrum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli. Á meðal ágreiningssvæða málsins voru svæði sem þar var vísað til sem fjallendis Álftaneshrepps og fjallendis Borgarhrepps. Niðurstaða nefndarinnar að því er varðar fjallendi Álftaneshrepps var sú að svæðið væri þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna, og jafnframt afréttur jarða í fyrrum Álftaneshreppi, nú Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. sömu laga. Fjallendi Borgarhrepps var jafnframt úrskurðað þjóðlenda sem skiptist í fjóra hluta, þ.e. Víðidal sem er nyrst, austurhluta Langavatnsdals ásamt Réttarmúla og Beilárvöllum, sem eru þar sunnan við, Hróbjargardal og vesturhluta Fossdals, sem er austan við tvo fyrstnefndu hluta svæðisins, og loks Mjóadal og vesturhluta Sátudals sem eru austast á svæðinu, austan og norðan við Hróbjargardal og vesturhluta Fossdals. Víðidalur og austurhluti Langavatnsdals eru afréttir jarða í fyrrum Borgarhreppi, nú Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, samkvæmt úrskurðinum. Hróbjargardalur og vesturhluti Fossdals, sem og Mjóidalur og vesturhluti Sátudals, eru aftur á móti í afréttareign Borgarbyggðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Samhliða meðferð mála á svæði 9A hjá óbyggðanefnd, þ.e. Dalasýslu að undanskildum fyrrum Skógarstrandahreppi, var mál nr. 1/2014 endurupptekið í því

skyni að aðlaga úrskurðarlínur í málinu að réttum merkjum milli fasteigna á svæðum 8B og 9A og jafnframt til að tryggja að aðilar að báðum málunum fengju færi á að aðlaga kröfulínur sínar að vatnaskilum milli svæðanna, eftir því sem við ætti, eftir að fram komu gögn frá Veðurstofu Íslands um legu vatnaskilanna. Nýr úrskurður var kveðinn upp í málinu enduruppteknu 3. maí 2018. Eina breytingin sem hann fól í sér var að úrskurðarlínur voru aðlagðar að vatnaskilum á úrskurðarkortum, eftir því sem við átti, en texti úrskurðarorðanna stóð óbreyttur.

Með bréfi dagsettu 3. desember 2018 var þess farið á leit við óbyggðanefnd fyrir hönd Borgarbyggðar að úrskurðarorð í málinu yrði leiðrétt að því er varðar fjalllendi Álftaneshrepps. Byggðist beiðnin á því að mistök virtust hafa verið gerð við samningu úrskurðarins, þar sem hann virtist byggjast á því að eigendur jarða í fyrrum Álftaneshreppi, nú Borgarbyggð, hefðu verið aðilar að málinu og gert kröfur fyrir nefndinni. Það væri rangt þar sem einu aðilar málsins hefðu verið íslenska ríkið og Borgarbyggð. Hvorugur aðila hefði gert þær kröfur fyrir nefndinni að umræddur hluti úrskurðarins rúmaðist innan þeirra. Með vísan til 2. mgr. 23. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993, var farið fram á að úrskurðarorðið yrði leiðrétt þannig að Borgarbyggð nyti veiðiréttar í ám á svæðinu, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, enda væri um bersýnilega villu að ræða í úrskurðinum.

Að fyrrgreindri kröfu um leiðréttingu frágenginni var þess krafist að málið yrði endurupptekið vegna þess að úrskurðurinn hefði byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Úrskurðinum hefði verið skotið til héraðsdóms til úrlausnar og við gagnaöflun í tengslum við dómsmálið hefði m.a. verið aflað gagna um veiðirétt í Langá innan hins umdeilda svæðis. Meðal gagnanna væru samþykktir fyrir Veiðifélag Langavatns, Mýrasýslu, og Veiðifélag Langár og Urriðaár, sem og tvær arðskrár fyrir síðarnefnda veiðifélagið, auk þess sem fyrrum oddviti Álftaneshrepps hefði gefið út yfirlýsingu um nýtingu hreppsins á veiðirétti í Langá innan hins umdeilda svæðis. Umrædd gögn fylgdu erindi Borgarbyggðar til óbyggðanefndar. Byggt var á því að við meðferð málsins fyrir óbyggðanefnd hefðu aldrei komið fram efasemdir eða brigður verið bornar á veiðirétt Borgarbyggðar fyrir landsvæðinu. Því hefði framangreindra upplýsinga ekki verið aflað við meðferð málsins eða álitafnið rannsakað sérstaklega. Þar sem þessar upplýsingar hefðu ekki legið fyrir óbyggðanefnd þegar hún felldi úrskurð í máli nr. 1/2014 varðandi fjalllendi Álftaneshrepps væri farið fram á endurupptöku með heimild í 1. tölul. 1. mgr. 24. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993.

Af hálfu Borgarbyggðar var sérstaklega tekið fram að beiðni um leiðréttingu eða endurupptöku málsins tæki ekki til veiðiréttar í Langavatni eða öðrum ám á svæðinu en Langá þar sem fyrrgreind gögn, til að mynda samþykkt Veiðifélags Langavatns, gæfu til kynna að jarðir í Álftaneshreppi hinum forna hefðu notið veiðiréttar í vatninu í samræmi við 7. gr. laga nr. 61/2006. Gögnin staðfestu enn fremur að veiðiréttur í Langá fyrir hinu umdeilda svæði hefði aldrei tilheyrt öðrum en Álftaneshreppi hinum forna, nú Borgarbyggð. Þá teldi sveitarfélagið upprekstrarétt á hið umdeilda landsvæði fylgja

jörðum í Álftaneshreppi hinum forna líkt og tíðkast hefði frá ómunatíð. Endurupptöku-beiðnin lyti með öðrum orðum einungis að veiðirétti fyrir norðurbakka Langár, frá Skarðsheiðarvaði að stíflunni við Langavatn. Í bréfi lögmanns Borgarbyggðar kom fram að samrit beiðninnar yrði sent fjármálaráðherra og þess óskað að hann samþykkti endurupptöku málsins.

Óbyggðanefnd tók erindi Borgarbyggðar fyrir á fundi 12. desember 2018. Nefndin ákvað að hafna kröfu um leiðréttingu úrskurðarins en féllst aftur á móti á að endurupptaka málið með fyrirvara um samþykki ríkisins, sbr. 2. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga. Að auki ákvað nefndin að fjalla samhliða um kröfu vegna Ytri-Hrafnabjarga um beitarrétt og afréttarnot í Langavatnsdal. Umrædd krafa kom fram við upphaflega meðferð málsins en úrlausn um hana var frestað þá þar sem ólokið var öflun gagna um ágreinings-svæði á svæði 9A hjá óbyggðanefnd sem gætu haft þýðingu við úrlausn um kröfuna. Ákveðið var að nefndarmenn í málinu enduruppteknu yrðu Ása Ólafsdóttir formaður, Allan V. Magnússon varaformaður og Hulda Árnadóttir.

Með bréfum dagsettum 14. desember 2018 voru lögmönnum Borgarbyggðar og íslenska ríkisins kynntar framangreindar ákvarðanir óbyggðanefndar um að hafna beiðni um leiðréttingu úrskurðarins en fallast á að endurupptaka málið með fyrirvara um samþykki ríkisins. Í bréfi nefndarinnar til lögmanns Borgarbyggðar kom fram að það væri að mati nefndarinnar ljóst að sú niðurstaða að fjallendi Álftaneshrepps væri afréttur jarða í fyrrum Álftaneshreppi, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, sem nytu veiðiréttar í ám á svæðinu, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, rúmaðist ekki innan þeirra krafna sem gerðar voru af hálfu Borgarbyggðar í málinu. Í málum sem nefndin hefði til meðferðar og sveitarfélög ættu aðild að væri algengt að gerðar væru kröfur af þeirra hálfu um upprekstrarrétt jarðeigenda í viðkomandi sveitarfélagi, enda hefðu sveitarfélög lögbundið umboð til að ráðstafa slíkum málefnum fyrir hönd einstakra rétthafa, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 58/1998. Svo hefði þó ekki verið í þessu máli og gögn málsins bentu ekki til þess að kröfur Borgarbyggðar vegna fjalllendis Álftaneshrepps í málinu hefðu verið gerðar fyrir hönd jarðeigenda í sveitarfélaginu. Þá yrði að telja að með tilvitnuðu erindi frá 3. desember 2018 hefði komið fram af hálfu sveitarfélagsins skýr afstaða þess efnis að ekki hefði borið að skilja kröfugerð þess með þeim hætti. Nefndin teldi því rétt að endurskoða niðurstöðuna.

Við mat á því hvort unnt væri að leiðrétta úrskurðinn á grundvelli 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga væri að mati nefndarinnar rétt að líta til eftirfarandi atriða: Skilyrði þess að unnt væri að leiðrétta stjórnvaldsákvarðanir á þessum grundvelli væri að um hefði verið að ræða *bersýnilegar villur*. Leiðrétting á þessum grundvelli fæli óhjákvæmilega í sér að úrskurðinum yrði breytt á þann veg að Borgarbyggð yrðu úrskurðuð þau réttindi sem jarðeigendum í fyrrum Álftaneshreppi voru úrskurðuð, án þess þó að umræddir jarðeigendur ættu þess kost að tjá sig um þá niðurstöðu. Niðurstaða nefndarinnar að því er varðar upprekstrarréttinn hefði verið byggð á þeim röksemdum sem fram kæmu í úrskurðinum og heimildum sem þar væru raktar og hefðu að mati nefndarinnar bent til

Þess að upprekstrarrétturinn væri á hendi jarðeigendanna. Þá væri almenna reglan sú skv. 7. gr. laga um lax- og silungsveiði að þeim jörðum sem rétt ættu til upprekstrar á afrétt í Þjóðlendu fylgdi veiðiréttur í vötnum þeim sem á afrétti væru með sama hætti og verið hefði. Í ljósi áður nefndra heimilda sem hefðu að mati nefndarinnar bent til þess að upprekstrarréttur á svæðinu tilheyrði jörðum í fyrrum Álftaneshreppi og þar sem krafa þar að lútandi hefði samkvæmt framansögðu ekki rúmast innan kröfugerðar Borgarbyggðar í málinu hefði óbyggðanefnd að réttu borið við meðferð málsins að hafa frumkvæði að því, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998, að kanna hvort umræddir jarðeigendur féllu frá tilkalli en ella gefa þeim kost á að gerast aðilar málsins. Telja yrði að sömu sjónarmið leiddu til þess að ekki væri unnt að breyta niðurstöðu nefndarinnar með íþyngjandi hætti fyrir eigendur umræddra jarða án þess að gefa þeim fyrst kost á aðild að málinu. Slíkt kallaði á ítarlegri málsmeðferð en þá sem unnt væri að viðhafa þegar *bersýnilegar villur* í ákvörðun væru leiðréttar á grundvelli 2. mgr. 23. gr. stjórn-sýslulaga. Nefndin teldi því ekki unnt að verða við kröfu um að leiðrétta úrskurðinn með þeim hætti.

Við mat á því hvort forsendur væru til endurupptöku málsins liti nefndin til þess að skilyrði þess að rétt væri að endurupptaka mál á grundvelli 1. tölul. 1. mgr. 24. gr. stjórn-sýslulaga væri að ákvörðun hefði byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Endurupptökubeiðnin lyti einungis að veiðirétti fyrir norðurbakka Langár, frá Skarðsheiðarvaði að stíflunni við Langavatn. Umræddur hluti Langár rynni á suðausturmörkum fjalllendis Álftaneshrepps, sem væri Þjóðlenda samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2014 sem kveðinn hefði verið upp 11. október 2016. Með endurupptökubeiðninni hefðu fylgt samþykkt fyrir Veiðifélag Langár og Urriðaár, dagsett 3. desember 2007; tvær arðskrár fyrir Langárdeild veiðifélagsins, dagsettar 30. maí 1997 og 4. febrúar 2009; yfirlýsing Jóhannesar M. Þórðarsonar, fyrrum oddvita Álftaneshrepps, dagsett 25. nóvember [2018]; og samþykkt fyrir Veiðifélag Langavatns, Mýrasýslu, dagsett 6. apríl 1987. Í samþykkt fyrir Veiðifélag Langár og Urriðaár, dagsettri 3. desember 2007, kæmi fram að félagsmenn væru allir þeir sem skráðir væru veiðiréttarhafar tilgreindra „jarða og landeigna sem land eiga að Langá og Urriðaá eða eiga veiðirétt í þeim ám frá ósi í sjó að miðlunarstíflu við Langavatn, allri Urriðaá og fiskgengum lækjum þeim sem í ár þessar falla“. „Afréttur Álftahreppinga“ væri meðal þeirra „jarða“ sem ætti land að Langá samkvæmt samþykktunum. Einnig væru þar tilgreindar nokkrar jarðir í hreppnum sem ættu land að ánni en aftur á móti væri annarra jarða í fyrrum Álftaneshreppi ekki getið í tengslum við veiðiréttinn. Þá bentu framlagðar arðskrár fyrir veiðifélag Langár og Urriðaár frá 2007 og 2009, sem og yfirlýsing fyrrum oddvita Álftaneshrepps, til þess að Álftaneshreppur, sem nú væri hluti af Borgarbyggð, hefði farið með veiðiréttindi í Langá vegna afréttar Álftaneshrepps en ekki þeir eigendur og umráðamenn jarða sem ættu upprekstrarrétt á afréttinn.

Í úrskurði óbyggðanefndar sem kveðinn hefði verið upp 11. október 2016 kæmi fram að fjallendi Álftaneshrepps væri Þjóðlenda og jafnframt afréttur jarða í fyrrum Álfta-

neshreppi, nú Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, sem nyttu veiðiréttar í ám á svæðinu, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006. Sá hluti Langár sem hér um ræddi væri þar á meðal, enda rynni áin á suðausturmörkum Þjóðlendunnar sem fyrr segði. Áðurnefnd gögn um veiðirétt í Langá hefðu ekki legið fyrir í málinu þegar óbyggðanefnd hefði kveðið upp úrskurð sinn en bentu til þess að niðurstaðan kynni að hafa orðið önnur, hvað þau réttindi varðar, ef svo hefði verið. Þá hefði sú niðurstaða verið byggð á þeirri röngu forsendu að hún rúmaðist innan kröfugerðar Borgarbyggðar í málinu. Að mati óbyggðanefndar væri því ljóst að niðurstaðan hefði byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik og því væru uppfyllt skilyrði 1. tölul. 1. mgr. 24. gr. stjórnslulaga til endurupptöku málsins.

Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar yrði beiðni um endurupptöku máls ekki tekin til greina nema að fengnu samþykki frá öðrum aðilum málsins eftir að þrjú mánuðir væru liðnir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun skv. 1. tölul. 1. mgr. greinarinnar. Endurupptaka málsins væri því háð samþykki íslenska ríkisins. Var því leitað eftir afstöðu ríkisins til beiðninnar, sbr. 2. mgr. 24. gr. stjórnslulaga, og þess óskað að afstaða þess þar að lútandi yrði kynnt nefndinni eigi síðar en 4. janúar 2019. Þá var bent á að í sömu lagagrein kæmi fram að mál yrði ekki tekið upp að nýju ef ár væri liðið frá fyrrgreindum tímamörkum nema veigamiklar ástæður mæltu með því. Fram kom að nefndin teldi ljóst að það skilyrði væri uppfyllt í þessu tilfalli. Enn fremur var lögmönnum tilkynnt um þá ákvörðun nefndarinnar að taka samhlíða til úrlausnar kröfu eiganda Ytri-Hrafnabjarga um beitarrétt og afréttarnot í Langavatnsdal.

Í bréfi lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar, dagsettu 4. janúar 2019, kom fram að endurupptaka málsins væri samþykkt af hálfu ríkisins. Í framhaldi af því staðfesti óbyggðanefnd ákvörðun um endurupptöku málsins á fundi 15. janúar 2019 og ákvað jafnframt að tilkynning um endurupptökuna yrði birt í Lögbirtingablaði og veittur tveggja vikna frestur til athugasemda.

Tilkynning um endurupptökuna var birt í Lögbirtingablaði 21. janúar 2019 og greint frá því hvaða þættir málsins kæmu að nýju til úrlausnar í málinu enduruppteknu. Skorað var á þá sem kynnu að eiga hagsmuna að gæta vegna þeirra krafna sem um ræddi að koma athugasemdum á framfæri við nefndina í síðasta lagi mánudaginn 4. febrúar 2019. Engar athugasemdir bárust innan frestsins. Með bréfum dagsettum 14. mars 2019 greindi óbyggðanefnd lögmönnum aðila frá þessu og veitti frest til 1. apríl 2019 til að koma frekari gögnum eða sjónarmiðum á framfæri við nefndina vegna málsins. Tekið var fram að nefndin teldi ekki þörf á að flytja málið munnlega að nýju eða efna til annarrar vettvangsferðar um svæðið nema fram kæmu óskir þar að lútandi af hálfu aðila. Jafnframt var tilgreint að ef ekki kæmi annað fram yrði lagt til grundvallar að fram komnar kröfur um veiðirétt fyrir norðurbakka Langár frá Skarðsheiðarvaði að stíflunni við Langavatn og um beitarrétt og afréttarnot í Langavatnsdal sættu ekki andmælum af hálfu annarra málsaðila, þar sem þessum kröfum hefði ekki verið andmælt á fyrri stigum. Engar athugasemdir komu fram af hálfu aðila vegna þessa.

Á fundi óbyggðanefndar 5. apríl 2019 var ákveðið að gefa eigendum Fremri-Hrafnabjarga kost á aðild að málinu og veita þeim tveggja vikna frest til þess. Sú ákvörðun nefndarinnar byggðist á því að þær heimildir sem krafa eiganda Ytri-Hrafnabjarga um beitarrétt og afréttarnot í Langavatnsdal styddist við kynnu einnig að eiga við um Fremri-Hrafnabjörg. Í þessu sambandi var tekið mið af 3. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998 þar sem segir að komi það fram við meðferð máls að aðili, sem kunni að telja til eignarréttinda, hafi ekki lýst kröfum sínum skuli nefndin hafa frumkvæði að því að kanna hvort hann falli frá tilkalli, en ella gefa honum kost á að gerast aðili máls.

Með bréfum dagsettum 10. apríl 2019 vakti óbyggðanefnd athygli eigenda Fremri-Hrafnabjarga á meðferð málsins og gaf þeim kost á aðild að því. Veittur var frestur til 26. apríl 2019 til að koma kröfu þar að lútandi á framfæri við óbyggðanefnd. 24. apríl 2019 barst nefndinni erindi með tölvupósti frá eigendum Fremri-Hrafnabjarga þar sem fram kom að þeir hefðu ákveðið að gerast aðilar að málinu og gerðu sömu kröfur og eigandi Ytri-Hrafnabjarga að því er varðar afréttarnot í Langavatnsdal. Lögmönnum annarra málsaðila var skýrt frá þessu með tölvupósti 29. sama mánaðar og þeim gefið færi á að gera athugasemdir við þessar nýju kröfur áður en úrskurðað yrði í málinu að nýju. Lögmennirnir skýrðu nefndinni frá því með tölvupósti sama dag að ekki væru gerðar athugasemdir af hálfu umbjóðenda þeirra vegna hinna nýframkomnu krafna.

3 NIÐURSTAÐA

Til úrlausnar er annars vegar krafa Borgarbyggðar um veiðirétt fyrir norðurbakka Langár, frá Skarðsheiðarvaði að stíflunni við Langavatn, og hins vegar kröfur eigenda Ytri-Hrafnabjarga og Fremri-Hrafnabjarga um beitarrétt og afréttarnot í Langavatnsdal. Kröfurnar eiga það sammerkt að þeim er ekki mótmælt af hálfu annarra aðila málsins. Fyrst verður fjallað um kröfu Borgarbyggðar um veiðirétt í Langá og að því búnu um kröfur eigenda Hrafnabjargajarðanna um beitarrétt og afréttarnot í Langavatnsdal.

3.1 Veiðiréttur fyrir norðurbakka Langár

Samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í málinu, uppkveðnum 11. október 2016, liggja mörk þjóðlendu á svonefndu fjalllendi Álftaneshrepps meðal annars um „Skarðsheiðarvað á Langá og þaðan eftir Langá að þeim stað þar sem hún fellur úr Langavatni“. Sá hluti Langár sem krafa Borgarbyggðar í málinu enduruppteknu lýtur að, þ.e. frá Skarðsheiðarvaði að stíflunni við Langavatn, rennur því á mörkum þjóðlendunnar, enda er stíflan sem vísað er til í kröfugerðinni suðvestan við vatnið, þar sem áin rennur úr því. Þá er ljóst að skilja ber tilvísun til „norðurbakka“ Langár í endurupptökubeiðni Borgarbyggðar á þann veg að þar sé átt við norðvesturbakka árinna á umræddu svæði, en hún rennur frá norðaustri til suðvesturs frá Langavatni að Skarðsheiðarvaði. Suðaustan við þann hluta árinna er land Staðartungu sem er eignarland samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í málinu.

Í úrskurði óbyggðanefndar frá 11. október 2016 kemur fram að umrædd þjóðlenda sé í heild afréttur jarða í fyrrum Álftaneshreppi, nú Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, sem njóti veiðiréttar í ám á svæðinu, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Í 7. gr. síðarnefndu laganna segir: „Þeim jörðum sem rétt eiga til upprekstrar á afrétt í þjóðlendu fylgir veiðiréttur í vötnum þeim sem á þeim afrétti eru, með sama hætti og verið hefur. Veiðifélag fer að jafnaði með hagnýtingu og ráðstöfun veiði í slíkum vötnum.“ Í 43. tölul. 3. gr. laganna er vatn skilgreint sem „[ó]salt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn“. Af þessu leiðir að þeim jörðum sem eiga upprekstrarrétt á afrétt í þjóðlendu fylgir jafnframt veiðiréttur í vötnum á afréttinum, þ.e. bæði stöðuvötnum og straumvötnum, nema annað hafi sérstaklega verið ákveðið. Af niðurstöðu óbyggðanefndar um að umrædd þjóðlenda væri afréttur jarða í fyrrum Álftaneshreppi leiddi því jafnframt að sömu jörðum fylgdi veiðiréttur í vötnum á svæðinu, enda lágu þá ekki fyrir í málinu gögn um aðra skipan hvað það varðar. Með endurupptökubeiðni Borgarbyggðar frá 3. desember sl. fylgdu aftur á móti gögn til stuðnings kröfu sveitarfélagsins um veiðirétt í þeim hluta Langár sem hér um ræðir. Verða þau gögn nú tekin til skoðunar.¹

Í samþykkt fyrir Veiðifélag Langavatns, Mýrasýslu, sem var staðfest af landbúnaðar-ráðuneytinu 6. apríl 1987, skv. 52. gr. þágildandi laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og í framhaldinu birt í B-deild Stjórnartíðinda með númerinu 152/1987, kemur fram að félagið nái til „allra jarða, sem upprekstur eða land eiga að landi sem liggur að Langavatni og fiskgengum ám og lækjum, sem í vatnið falla“. Þar eru taldar upp 39 jarðir í Borgarhreppi, ein í Stafholtstungnahreppi og 28 í Álftaneshreppi. Fram kemur að öllum sé óheimilt að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnar, arði af veiði skuli skipt niður samkvæmt arðskrá og gjöld til félagsins skuli greidd í sömu hlutföllum og arður er tekinn.

Í framlagðri arðskrá fyrir Veiðifélag Langár og Urriðaár (Langárdeild), dagsettri 30. maí 1997, eru taldar upp þær jarðir og önnur landsvæði sem njóti arðs vegna veiðiréttinda í umræddum ám. Fram kemur að „Álftaneshreppur v/afréttarlands“ eigi 8 einingar veiðiréttar af alls 1.000. Í samþykkt fyrir sama veiðifélag, sem var staðfest af Landbúnaðarstofnun 3. desember 2007 og birt í B-deild Stjórnartíðinda með númerinu 1355/2007 kemur fram að félagsmenn séu allir þeir sem skráðir séu veiðiréttarhafar þeirra „jarða og landeigna“ sem þar greinir og land eigi að Langá og Urriðaá eða eigi veiðirétt í þeim ám frá ósi í sjó að miðlunarstíflu við Langavatn, allri Urriðaá og fiskgengum lækjum sem í ár þessar falla. „Afréttur Álftahreppinga“ er svo talinn upp meðal þeirra „jarða“ sem land eigi að Langá. Ólíkt því sem fram kemur í framangreindri samþykkt fyrir Veiðifélag Langavatns frá 1987 eru ekki tilgreindar nema fáeinar af þeim jörðum í Álftaneshreppi sem eiga upprekstrarrétt á afréttinn, að því er virðist eingöngu

¹ Í 5. kafla úrskurðar nefndarinnar í málinu sem kveðinn var upp 11. október 2016 er ýmsum skjölum sem þá lágu fyrir gerð skil og vísað til skjalanúmera í neðanmálgreinum. Um númer skjala sem lögð hafa verið fram til viðbótar í málinu enduruppteknu vísast til skjalaskrár sem fylgir úrskurði þessum.

þær jarðir sem jafnframt eiga land að þeim ám sem veiðifélagið tekur til. Fram kemur að öllum sé óheimilt að veiða á félagssvæðinu nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veiti slík leyfi í umboði hennar. Arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá og félagsmenn skuli greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taki arð. Í arðskrá fyrir sömu deild veiðifélagsins, staðfestri af Fiskistofu 4. febrúar 2009 samkvæmt ákvæðum 41. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, með síðari breytingum og birtri í B-deild Stjórnartíðinda með númerinu 197/2009, kemur fram að „afrétti Álftþreppinga“ tilheyri 172 af samtals 10.000 einingum veiðiréttar.

Enn fremur segir eftirfarandi í yfirlýsingu Jóhannesar M. Þórðarsonar, sem er dagsett 25. nóvember, óársett en mun vera frá árinu 2018:

Undirritaður Jóhannes M. Þórðarson til heimilis að Krossnesi Borgarbyggð hafði á hendi störf oddvita hreppsnefndar Álftaneshrepps árin 1974–1990.

Ég staðfesti það hér með að hreppurinn fór alfarið með veiðiréttindi afréttar Álftaneshrepps í Langá sem fylgja norðurbakka Langár frá Skarðsheiðarvaði og að stíflu við Langavatn. Sú skipan mála hefur verið viðhöfð alla tíð og Álftaneshreppur var því ávalt viðtakandi arðgreiðslna úr veiðifélagi Langár á grundvelli eininga í arðskrá veiðifélagsins. Veiðiréttur í Langá hefur því aldrei fylgt afréttarnotum upprekstraraðila í Álftaneshreppi. Á því varð engin breyting þegar hreppurinn sameinaðist öðrum sveitarfélögum árið 1998, og úr varð sveitarfélagið Borgarbyggð.

Samkvæmt því sem hér var rakið er starfrækt veiðifélag fyrir Langavatn með aðild vegna allra jarða sem eiga upprekstrarrétt á landið sem liggur að vatninu og fiskgengum ám og lækjum sem renna í vatnið. Jafnframt er starfrækt annað veiðifélag sem tekur til Langár frá ósi í sjó að miðlunarstíflunni við Langavatn, ásamt Urriðaá. „Afréttur Álftþreppinga“ er meðal landsvæða sem veiðiréttur fylgir samkvæmt fyrirliggjandi samþykkt og arðskrá félagsins en ljóst er að þar er ekki við það miðað að upprekstrarrétti á afréttinn fylgi jafnframt veiðiréttur í þeim ám sem félagið tekur til. Það er jafnframt í samræmi við það sem fram kemur í áður tilvitnaðri yfirlýsingu Jóhannesar M. Þórðarsonar, fyrrum oddvita Álftaneshrepps, en af henni verður jafnframt ráðið að Álftaneshreppur og síðar Borgarbyggð hafi notið arðgreiðslna frá veiðifélaginu vegna veiðiréttar á umræddu svæði. Þá hafa aðrir málsaðilar ekki andmælt því að þetta sé sú skipan sem viðhöfð hafi verið varðandi veiðiréttinn og enginn af eigendum upprekstrarréttar á afréttinn kom á framfæri athugasemdum í framhaldi af framangreindri auglýsingu óbyggðanefndar um að fyrri niðurstaða nefndarinnar sætti að þessu leyti endurskoðun í málinu enduruppteknu.

Skv. 1. mgr. 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, fylgir eignarlandi hverju veiðiréttur í vatni á eða fyrir því landi, enda sé ekki mælt fyrir um aðra skipan í lögum. Þá kemur fram í 2. mgr. 5. gr. að í þjóðlendum sé íslenska ríkið eigandi veiðiréttar samkvæmt lögnum með þeim takmörkunum sem leiði af veiðirétti afréttareigenda, sbr. ákvæði 7. gr. Enn fremur segir í 4. mgr. 5. gr. að þegar vatn skilur fasteignir, sem veiðiréttur fylgir, sé landeiganda einum heimil veiði fyrir landi sínu.

Í 1. máls. 7. gr. laganna kemur fram að þeim jörðum sem rétt eigi til upprekstrar á afrétt í þjóðlendu fylgi veiðiréttur í vötnum þeim sem á afrétti eru, með sama hætti og verið hafi. Ljóst er að með „vötnum“ er þar átt við bæði stöðuvötn og straumvötn, sbr. skilgreiningu hugtaksins *vatn* í 43. tölul. 3. gr. laganna. Veiðifélag fer, skv. 2. másl. 7. gr. laganna, að jafnaði með hagnýtingu og ráðstöfun veiði í slíkum vötnum. Í athugasemdum við 7. gr. frumvarps sem varð að lögum nr. 61/2006 segir eftirfarandi:

Regla 1. másl. tekur fyrst og fremst mið af samnotaafréttum, sem svo eru stundum nefndir. Um veiðirétt í vötnum á öðrum afréttum í þjóðlendu fer eftir almennum reglum laganna. Í því felst m.a. að séu afréttarréttindin í eigu einka- eða lögaðila fara þeir með ráðstöfun veiðiréttarins. Sem dæmi má nefna sveitarfélag sem fengið hefur slíkum afréttum afsalað frá ríki, kirkju eða einstökum jörðum. Í því tilviki er það viðkomandi sveitarfélag sem lögpersóna sem er handhafi veiðiréttarins en hann er ekki sjálfstætt á hendi einstakra jarða með sama hætti og á samnotaafréttum. Þegar upp er staðið mun þessi munur þó ekki skipta verulegu máli í framkvæmd enda ráðgert að veiðifélög séu að jafnaði starfrækt um slíka veiði, sbr. umfjöllun um 2. másl. frumvarpsgreinarinnar.

Í umfjöllun um 2. másl. frumvarpsgreinarinnar segir:

Út frá því er gengið að veiði í vötnum þeim sem frumvarpsgreinin tekur til lúti að jafnaði stjórn veiðifélags. Í þeirri tilhögun felst m.a. tvennt. Í fyrsta lagi að veiðifélag setur reglur um skipulag veiði í viðkomandi vötnum. Í öðru lagi að veiðifélagið eitt er bært til þess að ráðstafa veiði í vatninu til þriðja aðila í samræmi við fyrirmæli laganna.

Samkvæmt framansögðu er almenn regla skv. 1. másl. 7. gr. laga nr. 61/2006 að upprekstrarrétti á afrétt í þjóðlendu fylgi jafnframt veiðiréttur í ám á afréttinum. Tekur reglan fyrst og fremst mið af samnotaafréttum en við setningu laganna var miðað við að ef um væri að ræða aðra afrétti í þjóðlendu og afréttarréttindin væru í eigu sveitarfélags væri viðkomandi sveitarfélag sem lögpersóna jafnframt handhafi veiðiréttarins. Þó var út frá því gengið að þessi munur skipti ekki verulegu máli þar sem veiðifélög væru að jafnaði starfrækt um slíka veiði. Þau settu reglur um skipulag veiði í viðkomandi vötnum og væru ein til þess bær að ráðstafa henni til þriðja aðila í samræmi við fyrirmæli laganna. Þá er ljóst að túlka ber þessi ákvæði til samræmis við 5. gr. laganna á þann veg að eigandi afréttarréttinda eigi almennt einn veiðirétt fyrir landi afréttarins í á sem skilur afrétt í þjóðlendu frá annarri fasteign.

Samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar sem kveðinn var upp 11. október 2016 byggðist niðurstaða um að svæðið væri afréttur jarða í fyrrum Álftaneshreppi, þ.e. samnotaafréttur, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, á eftirfarandi rökum sem fram koma í úrskurðinum:

Samkvæmt því sem að framan hefur verið rakið, í köflum 6.4.3.1–6.4.3.4, samanber einnig itarlegri umfjöllun í kafla 5.4, liggur fyrir fjöldi heimilda þar sem getið er um afrétt í Langavatnsdal. Sú elsta er máldagi fyrir Staðarhraunskirkju, sem talinn er vera frá árinu 1185, þar sem fram kemur að Staðarhraunskirkja eigi afrétt í Langavatnsdal. Aftur er getið um umrædd réttindi Staðarhraunskirkju í máldaga hennar frá því einhvern tíma á árunum 1491–1518 og í úttekt kirkjunnar frá árinu 1890.

Þá er elsta heimild um afrétt Hítardalskirkju á Langavatnsdal máldagi þeirrar kirkju, frá árinu 1354. Getið er um þessi réttindi kirkjunnar í fjölda annarra heimilda, þ.e. Vilchinsmáldaga, frá árinu 1397; máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Hítardal, frá

því um 1570; vísitásiu Brynjólfs biskups Sveinssonar fyrir Hítardalskirkju, frá 19. september 1642; vísitásiu Þórðar biskups Þorlákssonar fyrir Hítardal, frá 20. september 1676; ódagsettri lögfestu fyrir Hítardal, sem þinglesin var 1697; prófastsvísitásiu kirkjunnar að Hítardal frá 17. maí 1694; ódagsettri lögfestu Jóns Halldórssonar fyrir Hítardal, sem lesin var upp á manntalsþingi að Lækjarbug árið 1699; vísitásiu Jóns biskups Vídalíns fyrir kirkjuna í Hítardal, frá 27. ágúst 1702; *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1709; ódagsettri lögfestu Jóns prests Halldórssonar fyrir Hítardalskirkju, sem var þinglesin á manntalsþingi á Lækjarbug 3. maí 1710; ódagsettri lögfestu fyrir Hítardal, sem lesin var upp á manntalsþingi á Kaldárbakka þann 4. júní 1712; vísitásiu Hítardalskirkju frá 13. október 1724; lögfestu Jóns Halldórssonar fyrir eignum Hítardalskirkju, sem er ódagsett en var þinglýst 23. apríl 1731; lögfestu Jóns Halldórssonar fyrir Hítardalskirkju frá árinu 1733; prófastsvísitásiu kirkjunnar að Hítardal frá 31. maí 1737; vísitásiu kirkjunnar að Hítardal frá 27. maí 1759; vísitásiu Hítardalskirkju, frá 23. ágúst 1783; prófastsvísitásiu að Hítardal frá 14. nóvember 1810; prófastsvísitásiu kirkjunnar að Hítardal þann 15. desember 1812; prófastsvísitásiu Hítardalskirkju frá 4. janúar 1814; vísitásiu fyrir Hítardal, frá 10. ágúst 1831; þremur lögfestum fyrir Hítardal, sem þinglesnar voru á manntalsþingum 12. og 13. júní 1832 og loks lögfestu fyrir Hítardalskirkju sem dagsett er 6. júní 1849.

[...]

Þrátt fyrir allar framangreindar heimildir sem einar og sér kynnu eftir atvikum að benda til þess að Hítardalskirkja og Staðarhraunskirkja hafi átt sérstakan rétt umfram eigendur annarra jarða á svæðinu til afréttarnota á Langavatnsdal þá bendir það sem fram kemur í *Jarðabók* Árna og Páls til þess að slíkur réttur hafi tilheyrt mun fleiri jörðum. Fram kemur í umfjöllun *Jarðabókarinnar* um Hvítstaði í Álftaneshreppi að jörðin brúki afrétt „fyrir geldfje og lömb, og stundum fyrir naut og hesta vestantil á Lángavatnsdal tollfrí um lánan aldur.“ Þá mun sams konar réttur hafa tilheyrt a.m.k. flestum öðrum jörðum í Álftaneshreppi samkvæmt *Jarðabókinni*. Það að fram kemur að um hafi verið að ræða réttindi vestan til á dalnum bendir til að um hafi verið að ræða þann hluta dalsins sem er á ágreiningssvæðinu sem hér er til umfjöllunar. Þá bendir það að afréttarnotin hafi verið „tollfrí um lánan aldur“ til þess að þau hafi ekki verið háð sérstöku leyfi umráðamanna Hítardalskirkju eða Staðarhraunskirkju eða endurgjaldi til umræddra kirkna. Að mati óbyggðanefndar kann þetta að benda til þess að umræddum jörðum hafi tilheyrt sams konar réttur til afréttarnota á Langavatnsdal eins og Hítardalskirkju og Staðarhraunskirkju. Það sem fram kemur í *Jarðabókinni* um að ekki sé vitað til þess að goldist hafi tollar fyrir afréttarnot á dalnum þrátt fyrir að vissum kirkjum séu eignuð þar ítök bendir til hins sama. Fleiri heimildir styðja þessa sömu ályktun. Má í því sambandi nefna svar Þorgríms Sigurðssonar, sýslumanns í Mýrasýslu, til Landsnefndarinnar, frá árinu 1770, þar sem fram kemur að Langavatnsdalur sé nýttur sem „Almenningu Afriett“ og það sem fram kemur í jarðamati Mýrasýslu, frá árinu 1804, þess efnis að Langavatnsdalur sé álitinn vera almenningur. Frásögn Páls Guðmundssonar í *Sýslu- og sóknarlýsingum* frá árinu 1840, þar sem getið er um Langavatnsdal sem afréttarland „sem almenningur brúkar“, bendir ennfremur til hins sama. Þar kemur eins og áður segir fram að bæði Álftanes- og Borgarhreppur hafi þar upprekstur og leiti hvor til sinnar réttar. Loks skal nefnt í þessu sambandi að svar hreppstjórans í Álftaneshreppi, dagsett 28. júlí 1920, sem varðaði afréttarmál í hreppnum, er getið um svæðið sem afréttarland Álftaneshrepps og fram kemur að hann viti ekki til þess að neinn einstaklingur eigi tilkall til svæðisins, utan einn sem eigi veiðirétt í hluta Langár, Langavatni og hluta af Langavatnsdalsá. Hvað síðastnefndu heimildina varðar skal þess þó getið að hún er frá því eftir að Einar Friðgeirsson á Borg hafði afsalað „fjallandi á Langavatnsdal“ til Álftaneshrepps 31. október 1902.

Það sem fram kemur í prófastsvísitásium Hítardalskirkju, frá árunum 1810 og 1812, þar sem getið er um „Hitardals kyrkju Eign Afrettar Land fyrir Stadarins Geldpening a sokolludum Langavatnsdal, ...“, og að presturinn hafi „géfíd til kynna Níbíla Upp-tekníngu a Hitardals kyrkju tilheirandi Afrettarlandi a Lángavatnsdal, ...“, kynni aftur

á móti að benda til þess að Hítardalskirkju hafi tilheyrt meiri réttindi á Langavatnsdal heldur en þeim jörðum í Álftaneshreppi sem taldar eru upp í *Jarðabók* Árna og Páls í tengslum við afréttarnot á Langavatnsdal. Að mati óbyggðanefndar nægja þó hvorki umræddar prófastsvísitásiur né aðrar þær heimildir sem hér hafa verið raktar um réttindi Hítardalskirkju á Langavatnsdal til að lagt verði til grundvallar að Hítardalskirkja hafi átt meiri rétt en umræddar jarðir á ágreiningssvæðinu þegar horft er til þess hve margar aðrar fyrirbyggjandi heimildir benda til hins gagnstæða. Þetta sama gildir um þær heimildir sem liggja fyrir um afrétt Staðarhraunskirkju á Langavatnsdal. Hafi raunin verið sú að umræddum kirkjum tilheyrdi ríkari réttur á Langavatnsdal heldur en öðrum jörðum sem þar áttu upprekstrarrétt er jafnframt til þess að líta í þessu sambandi að framangreint landamerkjabréf fjallendis Álftaneshrepps var gert árið 1923 og þinglýst ári síðar án þess að þar sé getið um réttindi umræddra kirkna á svæðinu. Ekkert liggur heldur fyrir um að af hálfu Staðarhraunskirkju hafi eftir þann tíma verið gerðar ráðstafanir til að halda hugsanlegum réttindum kirkjunnar á svæðinu til haga, en Hítardalssókn var lögð undir Staðarhraunssókn árið 1875.

Í þessu sambandi er óhjákvæmilegt að líta jafnframt til þess að ekkert liggur fyrir um hvort umrædd réttindi Hítardalskirkju á Langavatnsdal hafi lotið sérstakri afmörkun gagnvart öðru svæði á dalnum sem hafi verið í sameiginlegum afréttarnotum margra jarða og þá ekki heldur hvernig þeirri afmörkun kunni að hafa verið háttáð, hafi hún á annað borð verið til staðar. Þetta á jafnframt við um réttindi Staðarhraunskirkju á Langavatnsdal.

Af öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar því sú að hvorki Hítardalskirkju, né Staðarhraunskirkju, hafi tilheyrt ríkari réttur á Langavatnsdal en þeim jörðum sem áttu þar upprekstrarrétt.

[...]

Í málinu liggja eins og hér var rakið fyrir heimildir allt aftur til ársins 1258 um að hálfir Hafursstaðir hafi tilheyrt Akrakirkju. Ekki liggur fyrir hvort þeir hafi á þeim tíma verið í byggð. Aftur á móti verður ráðið af vísitásiu sömu kirkju, frá árinu 1642, að Hafursstaðir hafi ekki verið í byggð á þeim tíma. Í *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1709, þar sem Hafursstaðir eru nefndir „eyðiból“ kemur fram að menn ætli að þeir séu á Hafradal. Þá kemur fram í landamerkjabréfi Akra, frá árinu 1884, að Hafursstaðir hafi staðið í Hafradal innan við Langavatnsmúla. Enn fremur kemur fram í grein Brynjólfs Jónssonar sem bar yfirskriftina „Rannsókn nokkurra eyðibygðna í Mýrasýslu sumarið 1895“ og birtist í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, árið 1896, að Hafursstaðir eigi að hafa staðið við mynnið á Hafradal, og í sömu heimild er vísað í frásögn þess efnis að þeir hafi staðið vestan Hafradalsár við mynni dalsins. Að öðru leyti liggur ekkert fyrir um hvernig land Hafursstaða hafi afmarkast. Þá er í þessu sambandi einnig til þess að líta að Akrakirkja kallaði einungis til eignarréttar á hálfum Hafursstöðum en ekkert liggur fyrir um hvernig eignarrétti á hinum helmingi þeirra kunni að hafa verið háttáð.

Hvað varðar Kvígindisdal og Sandnes (Sandvatnsnes) þá er þeirra, eins og að framan er rakið, ekki getið í elstu máldögum Akrakirkju, frá 1258 og 1354, heldur er þeirra fyrst getið í máldaga hennar sem talinn er vera frá árabílinu 1491–1518, þ.e. um 250 árum síðar en elsti varðveitti máldagi kirkjunnar var gerður. Frá þeim tíma er þess getið í mörgum heimildum um Akrakirkju að hún eigi *allan* Kvígindisdal með Sandnesi (eða Sandvatnsnesi). Á það við um máldaga kirkjunnar frá 16. öld og flestar vísitásiur hennar frá 17., 18. og 19. öld. Undantekningar frá þessu er þó að finna í vísitásiu Akrakirkju, frá árinu 1676, prófastsvísitásiu hennar, frá árinu 1694, og í umfjöllun um Akra í *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1709. Í síðastnefndu heimildinni kemur fram að Hjörseyjarkirkja eigi hinn helming Kvígindisdals á móti Akrakirkju. Þá er getið um hálfan Kvígindisdal í lögfestu fyrir Hjörsey og fleiri jarðir, frá árinu 1840. Heimildum ber því ekki öllum saman um hvort það hafi verið hálfur eða allur Kvígindisdalur sem tilheyrdi Akrakirkju og sumar þeirra benda til að hann hafi hálfur tilheyrt Akrakirkju en hinn helmingurinn Hjörseyjarkirkju. Þessi mismunur skiptir þó minna máli en ella

þegar horft er til þess að Hjörseyjarkirkja var lögð niður árið 1896 og sóknin sameinuð Akrakirkju. Má ætla að með því hafi forræði á eignum Hjörseyjarkirkju færst til Akra-
kirkju. Frekari skoðun á því hvort Kvígindisdalur hafi að öllu leyti verið í eigu
Akrakirkju, eða einungis að hálfu leyti og þá á móti Hjörseyjarkirkju, er því ekki nauð-
synleg við úrlausn málsins.

Um sex árum eftir að Hjörseyjarkirkja var lögð niður og sóknir hennar og Akrakirkju
voru sameinaðar, þ.e. 24. febrúar 1902, var gerður kaupsamningur þar sem fram kemur
að eigendur Akra selji Einari Friðgeirssyni á Borg „lönd þau og ítök á Lángavatnsdal,
sem fyr átti Akrakirkja, en sem varð vor fulla eign við afhendingu kirkjunnar í hendur
safnaðarins.“ Fram kemur að eign þessi sé eftir skjölum og máldögum Akra „Hálfir
Hafursstaðir, Kvígildisdalur allur, ásamt Sandnesi, sem nú er kallað Sandvatnsnes.“ Þá
kemur fram í afsalínu, dagsettu 17. mars 1903 og þinglýstu 26. maí 1903, sem gert var
vegna umræddra kaupa, að seljendur lýsi Einar Friðgeirsson „rjettan eiganda að lands-
tilkalli voru á Langavatnsdal: Hálfum Hafursstöðum, Kvígildisdal öllum og Sandvatns-
nesi (áður nefnt Sandnes), ...“. Ennfremur liggur fyrir að á manntalsþingi fyrir Álfta-
neshrepp, sem haldið var á Smiðjuhóli 26. maí 1910, var þinglesið „afsalsbréf séra
Einars Friðgeirssonar á Borg, dagsett 31. okt. 1902, fyrir fjalllandi á Langavatnsdal til
Álftaneshrepps“. Afsal þetta finnst ekki hjá sýslumannsembættinu í Borgarnesi og
hefur heldur ekki fundist annars staðar við kerfisbundna gagnaleit óbyggðanefndar og
Þjóðskjalasafns Íslands. Vera kann að ástæða þess sé sú að mikið af skjölum sýslu-
mannsembættisins í Borgarnesi eyðilagðist í bruna árið 1920. Að mati óbyggðanefndar
verður þó að telja að líkur standi til þess að það „fjallland á Langavatnsdal“ sem Álfta-
neshreppur fékk afsalað frá Einari Friðgeirssyni hafi verið hið sama og Einar keypti af
eigendum Akra með kaupsamningnum frá 24. febrúar 1902, sbr. afsal þeirra til hans,
dagsett 17. mars 1903. Fær engu breytt um þá ályktun þótt afsal Einars til Álftanes-
hrepps sé dagsett fyrir en afsal eigenda Akra til hans, enda bendir dagsetning kaup-
samningsins til þess að búið hafi verið að semja um kaup Einars á umræddu svæði af
eigendum Akra áður en hann afsalaði „fjalllandi á Langavatnsdal“ til Álftaneshrepps.
Álftaneshreppur sameinaðist Borgarbyggð árið 1998 en Borgarbyggð er sem fyrr segir
aðili að málinu og gerir kröfu um eignarrétt á ágreiningssvæðinu.

Við mat á því hvaða þýðingu umrædd kaup Álftaneshrepps kunni að hafa að því er
varðar möguleg réttindi Borgarbyggðar á ágreiningssvæðinu stendur þó eftir að fjalla
nánar um hvað liggur fyrir um inntak og afmörkun þeirra réttinda sem kaupin lútu að.
Þá verður að meta efnislegt inntak lögskipta þessara á grundvelli þeirrar meginreglu
eignarréttar að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram fullnægjandi
heimildir fyrir tilkalli sínu og að sá sem afsalar landi getur ekki veitt viðtakanda sínum
viðtækari rétt en hann sjálfur átti.

Eins og áður segir er getið um hálfu Hafursstaði í elsta varðveitta máldaga Akrakirkju,
frá árinu 1258. Kvígindisdals og Sandness er aftur á móti ekki getið þar. Hið sama er
að segja um máldaga kirkjunnar frá árinu 1354. Kvígindisdals og Sandness er fyrst
getið í máldaga Akrakirkju sem talinn er vera frá árabílinu 1491–1518, þ.e. um 250
árum síðar en elsti máldagi kirkjunnar og um 100 árum eftir að sú byggð sem sagnir
herma að hafi verið í Langavatnsdal á í síðasta lagi að hafa lagst af. Bendir þetta að
mati óbyggðanefndar til þess að réttindi kirkjunnar á Kvígindisdal og Sandnesi (Sand-
vatnsnesi) hafi komið til mörgum öldum síðar en réttindi hennar á hálfum Hafurs-
stöðum. Þá liggur ekkert fyrir um hvernig þau eru upphaflega til komin, svo löngu eftir
landnám og eftir að möguleg byggð lagðist af í Langavatnsdal. Enn fremur liggja ekki
fyrir heimildir sem staðfesti ótvírætt að byggð hafi verið á Kvígindisdal og Sandnesi
og ekki er í ljós leitt að umrædd svæði hafi verið hluti af jörð eða jörðum.

Þótt hálfra Hafursstaða sé aftur á móti getið í elstu heimildum Akrakirkju þá liggur
ekkert fyrir um afmörkun lands sem kunni að hafa tilheyrt þeim, hve lengi byggð kunni
að hafa verið þar eða hver kunni að hafa kallað til eignarréttar á hinum helmingi þeirra.
Í þessu sambandi er enn fremur til þess að líta að ekki var gert landamerkjabréf fyrir

Kvígindisdal, Sandnes eða Hafursstaði í kjölfar gildistöku landamerkjalaaga nr. 5/1882, þrátt fyrir að þar hafi verið kveðið á um almenna skyldu landeiganda eða umráðamanns jarðar til að setja glögg landamerki fyrir jörð sinni, þar sem þau voru ekki fyrir, halda þeim við og skrásetja. Engar heimildir liggja því fyrir um landfræðilega afmörkun réttinda Akrakirkju og Hjörseyjarkirkju á svæðinu.

Eins og áður hefur komið fram er þess getið í mörgum fyrirliggjandi heimildum að Akrakirkja eigi Kvígindisdal *allan*. Að mati óbyggðanefndar er þó ekki hægt að slá því föstu á þeim grundvelli að réttindi kirkjunnar hafi falist í beinum eignarrétti. Vísast í því sambandi til dóms Hæstaréttar frá 21. febrúar 2013 í máli nr. 433/2011 (Steinvarartunga). Í því máli var niðurstaða Hæstaréttar sú að um þjóðlendu væri að ræða þrátt fyrir að fyrir lægju heimildir um að Hofskirkja í Vopnafirði hefði átt Steinvarartungu *alla*. Var talið að inntak réttinda kirkjunnar hefði verið bundið við þau óbeinu eignarréttindi sem felast í rétti til upprekstrar búfjár til sumarbeitar og annarra hefðbundinna afréttarnota, þ.e. afréttareign.

Sem fyrr segir liggur ekkert fyrir um hvernig Akrakirkja var upphaflega komin að rétti sínum til hálfra Hafursstaða, Kvígindisdals og Sandness (Sandvatnsness) og ekki heldur hvert inntak þeirra réttinda var eða landfræðileg afmörkun. Hið sama gildir einnig um þau réttindi sem sumar heimildir greina að hafi tilheyrt Hjörseyjarkirkju innan ágreiningssvæðisins. Þá er svæðið landfræðilega aðskilið frá landi kirknanna. Eins og áður er getið verður sú ályktun dregin af fyrirliggjandi landnámslýsingum að telja verður líklegt að ágreiningssvæðið hafi verið numið, a.m.k. að hluta. Jafnvel þótt land Hafursstaða, Kvígindisdals og Sandness (Sandvatnsness) kunni að hafa verið numið í öndverðu, í heild eða að hluta, þá verður sem endranær að hafa þann fyrirvara að sú staðreynd sker ekki með afdráttarlausum hætti úr um tilvist beins eignarréttar síðar. Þarf þá m.a. að líta til þess hvort og hvernig slík eignarréttindi hafa yfirfærst til síðari rétthafa, hver tengslin eru sögulega séð, hvernig umrædd fasteign er nú afmörkuð og hvernig sú afmörkun samræmist eldri heimildum um nám. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og að landsvæði hafi í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess mismunandi sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar eftir því hvort um óvæfengjanlegan hluta jarðar er að ræða, afrétt einstakra jarða og/eða stofnana eða loks samnotaafrétt og má við það mat styðjast við fjölda dóma í sambærilegum málum. Sjá nánar um þetta kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum.

Að mati óbyggðanefndar bendir það sem hér hefur verið rakið til þess að réttindi Akrakirkju á hálfum Hafursstöðum, Kvígindisdal og Sandnesi (Sandvatnsnesi) hafi falist í óbeinum eignarrétti fremur en beinum. Hið sama gildir einnig um þau réttindi sem sumar heimildir greina að hafi tilheyrt Hjörseyjarkirkju innan ágreiningssvæðisins. Með afsali Einars Friðgeirssonar á Borg til Álftaneshrepps, dagsettu 31. okt. 1902 og þinglýstu 26. maí 1910, gat Álftaneshreppur, sem Borgarbyggð leiðir rétt sinn frá, ekki eignast frekari rétt en Einar Friðgeirsson átti áður og þar áður Akrakirkja. Er því ekki unnt að fallast á kröfu um beinan eignarrétt á ágreiningssvæðinu á grundvelli heimilda um réttindi Akrakirkju á hálfum Hafursstöðum, Kvígindisdal og Sandnesi, og ekki heldur á grundvelli heimilda um réttindi Hjörseyjarkirkju innan ágreiningssvæðisins. Um inntak þeirra óbeinu eignarréttinda sem hér um ræðir og þýðingu þeirra við úrlausn málsins verður fjallað síðar. Enn minna liggur fyrir um afmörkun og yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem kunna að hafa verið fyrir hendi á öðrum jörðum sem sagnir herma að hafi fyrrum staðið í Langavatnsdal. Er því ekki heldur unnt að fallast á kröfu um beinan eignarrétt á ágreiningssvæðinu á grundvelli umræddra heimilda.

[...]

Heimildum um að Hítardalskirkja, Staðarhraunskirkja og flestar jarðir í Álftaneshreppi auk Hrafnabjarga í Dalasýslu hafi átt afrétt á Langavatnsdal hafa verið gerð skil hér að framan og komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé unnt að leggja til grundvallar að Hítar-

dalskirkju og Staðarhraunskirkju hafi tilheyrt ríkari réttur á svæðinu heldur en öðrum jörðum sem þar áttu upprekstrarétt. Þá verður í þessu sambandi að líta til þess að ekki er getið um réttindi umræddra kirkna í landamerkjabréfinu fyrir fjalllendi Álftaneshrepps, sem var útbúið árið 1923 og þinglýst ári síðar, og ekkert liggur heldur fyrir um að nokkrar ráðstafanir hafi verið gerðar eftir þann tíma til að halda umræddum réttindum þessara kirkna á svæðinu til haga. Þá eru ekki gerðar kröfur í málinu af hálfu Staðarhraunskirkju, en Hítardalskirkja var sem fyrr segir lögð undir Staðarhraunskirkju árið 1875. Af þessum ástæðum eru að mati óbyggðanefndar engar forsendur til að líta svo á að Staðarhraunskirkja eigi bein eða óbein réttindi innan ágreiningssvæðisins. Kemur það atriði því ekki til frekari skoðunar við úrlausn málsins.

Í fjölda fyrirbyggjandi heimilda er Langavatnsdals getið sem afréttar eða almennings. Það sem fram kemur í *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1709, bendir til þess að sá réttur hafi tilheyrt a.m.k. flestum jörðum í Álftaneshreppi. Þá var gert landamerkjabréf fyrir allt ágreiningssvæðið árið 1923 og þinglýst ári síðar en þar er vísað til til þess sem „fjallendis Álftaneshrepps“. Aðrar fyrirbyggjandi heimildir benda til þess að frá þeim tíma hafi það verið nýtt sem sameiginlegur afréttur jarða í Álftaneshreppi, sem sameinaðist Borgarbyggð árið 1998. Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið ásamt öðru til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið samnotaafrétt.

[...]

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar sú að ágreiningssvæðið sé þjóðlenda og jafnframt afréttur þeirra jarða sem hafa nýtt það til sumarbeitar fyrir búfé. Hvað varðar afmörkun afréttar innan ágreiningssvæðisins er til þess að líta sem að framan greinir í umfjöllun um merki svæðisins, einkum þess að svæðið er allt innan marka landamerkjabréfs Fjallendis Álftaneshrepps, frá árinu 1923. Þá kemur fram í fjallskilareglugerðum fyrir Mýrasýslu frá árunum 1878 og 1892 að Hraundalsrétt tilheyri öllum jörðum í Álftaneshreppi og skuli leita til hennar öll heimalönd þeirra „og öll fjall-lönd þau, er þar að liggja, allt að löndum Dalamanna og afrjettum hraunhreppinga að vestan, og Borghreppinga að sunnan.“ Einnig kemur fram í svari hreppstjórans í Álftaneshreppi, dagsettu 28. júlí 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns í tilefni af beiðni Stjórnarráðs Íslands um skýrslur frá sýslumönnum um þau svæði sem teldust til almenninga eða afrétta að afréttarland Álftaneshrepps liggi að afréttarlandi Hraunhrepps að vestan, Dalamanna að norðan og Borghreppinga að austan. Benda þessar heimildir til þess að allt ágreiningssvæðið hafi verið talið tilheyra leitarsvæðinu. Á hinn bóginn kemur fram í svari sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dagsettu 13. nóvember 1985, vegna fyrirspurnar dómsmálaráðuneytisins um afréttarmál efni, fjallskil o.fl. að óvíst sé að leitarsvæði Álftahreppinga nái að sýslumörkum Dalasýslu að norðan, því svo virðist sem lönd Hraunhrepps og Borgarhrepps nái saman á Mjóadal. Mjóidalur er sem fyrr segir við norðurmörk ágreiningssvæðisins. Þrátt fyrir það sem fram kemur í síðastnefndri heimild verður hér lagt til grundvallar að mörk afréttarins nái allt norður að norðurmörkum ágreiningssvæðisins, enda benda aðrar framangreindar heimildir til þess.

Hvað varðar sérstaklega þýðingu heimilda um að Akra­kirkja og síðar Álftaneshreppur, sem gagnaðili íslenska ríkisins í máli þessu leiðir rétt sinn frá, hafi átt réttindi á hálfum Hafursstöðum, Kvígingisdal og Sandnesi (Sandvatnsnesi) er til þess að líta að ekkert liggur fyrir um afmörkun umræddra réttinda gagnvart öðrum hlutum ágreiningssvæðisins sem eru í sameiginlegum afréttar­notum jarða í fyrrum Álftaneshreppi, nú Borgarbyggð. Þá eru ekki efni til annars en að ætla að búfénaður hafi leitað án hindrana milli einstakra hluta ágreiningssvæðisins. Enn fremur hefur Borgarbyggð, gagnaðili íslenska ríkisins í málinu, ekki aðgreint þennan hluta ágreiningssvæðisins frá öðrum hlutum þess í kröfugerð sinni. Að teknu tilliti til þessara atriða eru að mati óbyggðanefndar ekki forsendur til að úrskurða um að Borgarbyggð tilheyri afréttareign á landi hálfra

Hafursstaða, Kvígindisdals og Sandness, sem sé sérgreind frá afrétti jarða í fyrrum Álftaneshreppi, nú Borgarbyggð.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að ekki hafi verið í ljós leitt að innan merkja Fjallendis Álftaneshrepps, svo sem þau eru skilgreind hér að framan hafi stofnast til eignarlands með námi, hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka). Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda. Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé afréttur jarða í fyrrum Álftaneshreppi, nú Borgarbyggð.

Samkvæmt því sem hér var rakið lá fyrir í málinu fjöldi heimilda um afrétt Hítardalskirkju í Langavatnsdal og jafnframt nokkrar heimildir um afrétt Staðarhrauskirkju þar. Þá var það sem fram kemur í *Jarðabók Árna og Páls frá 1709* talið benda til þess að réttur til afréttarnota þar hefði tilheyrt a.m.k. flestum jörðum í fyrrum Álftaneshreppi og fleiri heimildir voru taldar styðja ályktun þar að lútandi. Enn fremur lágu fyrir heimildir allt aftur til ársins 1258 um að hálfir Hafursstaðir hefðu tilheyrt Akrakirkju. Ekki lá þó fyrir hvernig land Hafursstaða hefði afmarkast en gögn málsins bentu þó til að þeir hefðu verið í Hafradal, sem er innan hins svonefnda fjallendis Álftaneshrepps, nánar tiltekið vestan Hafradalsár við mynni dalsins. Auk þess lágu fyrir heimildir frá því nálægt aldamótunum 1500 og síðar um að Akrakirkja hefði átt Kvígindisdal allan með Sandnesi (eða Sandvatnsnesi) og samkvæmt tilteknum heimildum frá 18. öld og síðar átti Hjörseyjarkirkja hinn helming Kvígindisdals á móti Akrakirkju. Ekki lágu fyrir heimildir um afmörkun þessara eignarréttinda kirknanna. Þó liggur fyrir að Sandvatnsnes er norðvestan við þann hluta Langár sem hér er til skoðunar vegna kröfu Borgarbyggðar um veiðiréttindi og vestan við syðsta hluta Langavatns. Norðvestan við Sandvatnsnes er mynni Kvígindisdals sem gengur þaðan inn í landið til norðvesturs.

Eins og fram kemur í tilvitnuðum texta úrskurðarins liggur fyrir kaupsamningur, dagsettur 24. febrúar 1902, þar sem fram kemur að eigendur Akra selji Einari Friðgeirssyni á Borg „lönd þau og ítök á Lángavatnsdal, sem fyr átti Akrakirkja, en sem varð vor fulla eign við afhendingu kirkjunnar í hendur safnaðarins“. Fram kemur að eign þessi sé eftir skjölum og máldögum Akra: „Hálfir Hafursstaðir, Kvígildisdalur allur, ásamt Sandnesi, sem nú er kallað Sandvatnsnes.“ Þá kemur fram í afsali, dagsettu 17. mars 1903 og þinglýstu 26. maí 1903, sem gert var vegna umræddra kaupa, að seljendur lýsi Einar Friðgeirsson „rjettan eiganda að landstilkalli voru á Langavatnsdal: Hálfum Hafursstöðum, Kvígildisdal öllum og Sandvatnsnesi (áður nefnt Sandnes) ...“ Enn fremur liggur fyrir að á manntalsþingi fyrir Álftaneshrepp, sem haldið var á Smiðjuhóli 26. maí 1910, var þinglesið „afsalsbréf séra Einars Friðgeirssonar á Borg, dagsett 31. okt. 1902, fyrir fjallandi á Langavatnsdal til Álftaneshrepps“. Afsalið hefur ekki fundist en eins og áður segir verður að mati óbyggðanefndar að telja að líkur standi til þess að það „fjallland á Langavatnsdal“ sem Álftaneshreppur fékk afsalað frá Einari Friðgeirssyni hafi verið hið sama og Einar keypti af eigendum Akra með kaupsamningnum frá 24. febrúar 1902, sbr. afsal þeirra til hans, dagsett 17. mars 1903. Niðurstaða um að þessi réttindi voru ekki sérgreind í úrskurðinum, frá afréttinum að öðru leyti,

rédst í fyrsta lagi af því að ekkert lá fyrir um afmörkun þeirra gagnvart öðrum hlutum ágreiningssvæðisins sem væri í sameiginlegum afréttarnotum jarða í fyrrum Álftanes- hreppi, nú Borgarbyggð. Í öðru lagi voru ekki talin efni til annars en að ætla að búfén- aður hefði leitað án hindrana milli einstakra hluta ágreiningssvæðisins. Í þriðja lagi var litið til þess að Borgarbyggð, gagnaðili íslenska ríkisins í málinu, hafði ekki aðgreint þennan hluta ágreiningssvæðisins frá öðrum hlutum þess í kröfugerð sinni.

Sú krafa Borgarbyggðar sem er til úrlausnar í málinu enduruppteknu lýtur eins og áður segir einungis að veiðirétti fyrir norðurbakka (eða norðvesturbakka) Langár, frá Skarðsheiðarvaði að stíflunni við Langavatn. Að mati óbyggðanefndar sýna þau gögn sem lögð voru fram af hálfu sveitarfélagsins samhliða endurupptökubeiðninni með óyggjandi hætti að Álftaneshreppur var rétthafi arðgreiðslna úr Langárdeild Veiðifélags Langár og Urriðáár vegna þess hluta Langár sem hér um ræðir og Borgarbyggð mun hafa tekið við þeim réttindum af Álftaneshreppi við sameiningu sveitarfélaganna 1998. Gögn málsins benda ekki til annars en að þetta hafi verið lögmæt skipan mála, enda sér hennar stað í samþykkt veiðifélagsins sem staðfest var af Landbúnaðarstofnun 2007 og arðskrá sem staðfest var af Fiskistofu 2009 og í framhaldinu birt í B-deild Stjórnar- tíðinda í samræmi við ákvæði laga um lax- og silungsveiði.

Niðurstaða um að veiðiréttur í umræddum hluta Langár tilheyri Borgarbyggð, þrátt fyrir að upprekstrarréttur á svæðinu tilheyri jörðum í fyrrum Álftaneshreppi, felur í sér frávik frá framangreindri meginreglu 7. gr. laga nr. 61/2006 um að þeim jörðum sem rétt eigi til upprekstrar á afrétt í þjóðlendu fylgi veiðiréttur í vötnum þeim sem á afrétti eru. Að mati óbyggðanefndar eru engin efni til að álykta að þessu ákvæði hafi verið ætlað að breyta eignarhaldi á veiðiréttindum sem þegar voru til staðar á þann veg að þau færðust til eigenda upprekstrarréttar í tilvikum þar sem þau væru á hendi annarra. Þvert á móti benda orðin „með sama hætti og verið hefur“ í lok 1. másl. 7. gr. laganna til þess að reglunni hafi verið ætlað að festa í sessi þá skipan að veiðiréttur fylgdi upp- rekstrarrétti jarða á afrétti í tilvikum þar sem veiðirétturinn var ekki þegar á hendi annarra. Ákvæði 7. gr. laga nr. 61/2006 girða því ekki fyrir að veiðiréttur geti verið á hendi annarra en eigenda og umráðamanna þeirra jarða sem eiga upprekstrarrétt á við- komandi afrétt í tilvikum sem þessu.

Ekki liggur fyrir svo óyggjandi sé hvernig veiðiréttur í þeim hluta Langár sem um ræðir komst á hendi Álftaneshrepps. Af áðurnefndri yfirlýsingu Jóhannesar M. Þórðar- sonar, sem var oddviti hreppsins 1974–1990, verður þó ráðið að sá réttur hafi verið á hendi hreppsins mjög lengi, sbr. orðin: „Sú skipan mála hefur verið viðhöfð alla tíð“ og þá athugasemd að veiðiréttur í Langá hafi „aldrei fylgt afréttarnotum upprekstraraðila í Álftaneshreppi“.

Telja verður að nokkrar líkur standi til þess að uppruna veiðiréttinda Álftaneshrepps megi rekja til áðurnefndra viðskipta við séra Einar Friðgeirsson á Borg á fyrsta áratug 20. aldar, enda Kvígindisdalur og Sandvatnsnes nærliggjandi umræddum hluta Langár, þótt ekki verði skorið úr um það með óyggjandi hætti. Hvort svo sé í reynd skiptir ekki

meginmáli við úrlausn málsins, enda allt að einu ljóst að réttindin hafa lengi verið á hendi sveitarfélagsins og sú skipan virðist ekki hafa sætt andmælum af hálfu eigenda upprekstrarréttarins og gerir það ekki í þessu máli.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er að mati óbyggðanefndar nægilega í ljós leitt að veiðiréttur fyrir norðurbakka Langár, frá Skarðsheiðarvaði að stíflunni við Langavatn, tilheyri Borgarbyggð, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. Þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006. Er því fallist á kröfu sveitarfélagsins þar að lútandi.

3.2 Beitarréttur og afréttarnot í Langavatnsdal

Koma þá til úrlausnar kröfur eigenda Ytri-Hrafnabjarga og Fremri-Hrafnabjarga í Dala-sýslu um beitarrétt og afréttarnot í Langavatnsdal. Með kröfulýsingu, dagsettri 31. mars 2014, var lýst kröfum af hálfu eiganda Ytri-Hrafnabjarga í máli nr. 1/2014. Leiðréttri kröfulýsingu var síðar komið á framfæri við óbyggðanefnd en hún er dagsett 14. júlí 2015. Lýst var „kröfu til beitarréttar og hefðbundinna afréttarnota í Langavatnsdal hvort tveggja í Álftaneshreppslandi og Borgarhreppslandi“. Fram kom að eigandi Ytri-Hrafnabjarga leiddi rétt sinn „til ítaks Hrafnabjargakirkju, sem samkvæmt máldaga kirkjunnar átti tuttugu kúgilda beit í Langavatnsdal“. Þá sagði í rökstuðningi með kröfu-gerðinni að þessa óbeina eignarréttar væri getið í „landamerkjabréfi Borgarhreppslands“ og hann væri viðurkenndur af öllum sem undir það hefðu ritað. Landeigandi teldi augljóst af orðalagi „Hrafnabjargamáldaga“, sem og af því hvernig réttarins hefði verið neytt, að hann tæki til Langavatnsdals alls, báðum megin við Langavatnsdalsá.

Eins og áður segir vakti óbyggðanefnd athygli eigenda Fremri-Hrafnabjarga á því að umrædd krafa væri til úrlausnar í málinu enduruppteknu og gaf þeim kost á aðild að málinu, enda gætu heimildir um þessi réttindi Ytri-Hrafnabjarga einnig átt við um Fremri-Hrafnabjörg. Í framhaldi af því tilkynntu eigendur Fremri-Hrafnabjarga nefndinni að þeir hefðu ákveðið að gerast aðilar að málinu og að þeir gerðu sömu kröfur og gerðar hefðu verið af hálfu eiganda Ytri-Hrafnabjarga.

Langavatnsdalur er um 11 km langur og gengur til norðurs inn í fjallasvæðið milli Mýra og Dala.² Langavatnsdalsá rennur um Langavatnsdal frá norðri til suðurs, á mörkum Þjóðlendna á svæðinu, og í Langavatn að norðanverðu. Vestan árinna, sem og vestan Langavatns og vestan Langár, sunnan vatnsins, er fjalllendi Álftaneshrepps sem er sem fyrr segir Þjóðlenda og jafnframt afréttur jarða í fyrrum Álftaneshreppi, nú Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í málinu, uppkveðnum 11. október 2016, sbr. einnig úrskurð í málinu enduruppteknu sem kveðinn var upp 3. maí 2018. Austan við Langavatnsdalsá og Langavatn er eins og áður segir svæði sem í úrskurðinum er vísað til sem fjalllendi Borgarhrepps og skiptist í Víðidal sem er nyrst, austurhluta Langavatnsdals ásamt Réttarmúla og

² Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, athugunum í vettvangsferðum og árbókum Ferðafélags Íslands frá árunum 1947 og 1997.

Beilárvöllum, sem eru þar sunnan við, Hróbjargardal og vesturhluta Fossdals, sem eru austan við tvo fyrstnefndu hluta svæðisins, og loks Mjóadal og vesturhluta Sátudals sem eru austast á svæðinu, austan og norðan við Hróbjargardal og vesturhluta Fossdals. Víðidalur og austurhluti Langavatnsdals eru afréttir jarða í fyrrum Borgarhreppi, nú Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, samkvæmt úrskurðinum. Hróbjargardalur og vesturhluti Fossdals, sem og Mjóidalur og vesturhluti Sátudals, eru aftur á móti í afréttareign Borgarbyggðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga. Vatnaskil ráða mörkum milli annars vegar Víðidals og austurhluta Langavatnsdals ásamt Réttarmúla og Beilárvöllum, að vestanverðu, og hins vegar Hróbjargardals og vesturhluta Fossdals, að austanverðu.

Norðan við fjallendi Álftaneshrepps er svonefnt fjallendi Hrafnabjarga sem óbyggðanefnd úrskurðaði eignarland með úrskurði í máli nr. 3/2016, uppkveðnum 3. maí 2018, að kröfu eigenda Ytri- og Fremri-Hrafnabjarga á grundvelli heimilda um Hrafnabjörg. Vestan við norðurhluta Víðidals er vesturhluti Víðimúla sem er þjóðlenda í afréttareign eigenda Ytri- og Fremri-Hrafnabjarga, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, samkvæmt úrskurði nefndarinnar í sama máli. Hrutagil skilur á milli eignarlands og afréttareignar Hrafnabjarga á svæðinu. Hluti af því svæði sem úrskurðað var eignarland á grundvelli heimilda um Hrafnabjörg er sunnan við vatnaskilin milli Mýra og Dala. Þar er m.a. um að ræða Mjóadal en um hann rennur Mjóadalsá til austurs og síðar suðurs þar til hún sameinast Langavatnsdalsá. Mörk þjóðlendunnar fjallendis Álftaneshrepps gagnvart eignarlandi Hrafnabjarga liggja m.a. um Mjóadalsá við Sauðahrygg samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli þessu, uppkveðnum 11. október 2016. Þessi staður í Mjóadalsá er jafnframt á vesturmörkum þjóðlendunnar Víðidals samkvæmt sama úrskurði og enn fremur á suðurmörkum þjóðlendu á vesturhluta Víðimúla samkvæmt úrskurði nefndarinnar í máli nr. 3/2016. Af fyrirliggjandi kortum verður ráðið að á þessum stað sé Mjóadalsá í um 250 m hæð yfir sjávarmáli og í vettvangsferð óbyggðanefndar sem farin var vegna meðferðar máls nr. 3/2016 sást að þar er land í grennd við ána mjög vel gróið. Í raun mynda Mjóidalur og Hrutagil ásamt Víðidal innsta hluta dalsins sem nefnist Langavatnsdalur þegar sunnar dregur.

Verða nú teknar til skoðunar þær heimildir sem liggja fyrir og varða þau réttindi sem kröfur eigenda Ytri- og Fremri-Hrafnabjarga lúta að. Með kaupbréfi, dagsettu 31. desember 1393, sem birt er í *Íslensku fornbréfasafni*, seldi Snorri Brandsson séra Hallsteini Jónssyni jörðina Hrafnabjörg í Hörðudal ásamt jörðinni Laugum. Á eftir lýsingu á merkjum jarðanna í kaupbréfinu eru talin upp þau óbeinu eignarréttindi sem fylgi utan merkjanna. Þar á meðal er „[t]uttugu gelldfiar kugilldabeit i Langavatnzdal“.

Í dómi sex manna sem kveðinn var upp 16. júní 1509 kom fram að landareign Hrafnabjarga í Hörðudal skyldi vera samkvæmt kaupbréfi 31. desember 1393. Dómurinn var eftirfarandi:

... ad skoda oc Rannsaka oc fullnadardom a ad leggja hueria mact edur afl hafa skyllde það kaupbref sem Þolleifur Bonde Gudmundsson birte þar oc fram bar fyrir oss huert er hlydde vm landareign hrafnabiarga vm kaup oc solu Eign oc itok fyrskrifadrar jarðar

Hrafnabiarga. Nu saker þess það var með heilum oskoddum hangande jnnsiglum leist oss það j allan mata myndugt oc oc skiallegt með ollum þeim sijnum greinum oc articules sem vær mattum yfir taca að logum þar til að annat skial kemr það fram að þui hrindur.

Hinn 30. maí 1599 staðfestu fjórir nafngreindir menn að þeir hefðu séð og yfirlesið kaupbréf fyrir Hrafnabjörg frá árinu 1393, og dóminn sem kveðinn var upp árið 1509, þess efnis að landareign Hrafnabjarga í Hörðudal skyldi vera samkvæmt kaupbréfinu frá árinu 1393. Staðfestingin hljóðar svo:

Það meðkennunst vær epterskrifader menn. Syra Magnus Svartsson. Sigurdr Þorsteinson. Skwli Jonsson og Magnus Þorleifsson að vier hofum sied oc yferlesit so latandi kaupbréf ord epter ord fyrir hnafnabiorgum sem hier fyrir ofan skrifat stendr eigi skafid edur mad i nockru. So og hofum vier sied og lesid so hliodandi dom þar vid festann uppa sama Bref ord epter ord með heilum hangandi Jnnsiglum og hreina skript eij skafit edur mad j nockru. so sem hier oc eirnin fyrir ofan skrifadr er.

Og til sanninda hier um setium vær vor Jnnsigli fyrir þetta Transkriptar Bref. huert skrifad var a hrafnabiorgum i hordudal þann XXX dag Mai manadar Anno M.d.xc. og IX.

Varðveitt er afrit af staðfestingu á upplestri bréfsins frá 30. maí 1599, sem fram fór á Öxarárþingi 1. júlí 1664. Staðfestingin er svohljóðandi:

Under því Pergamentesbreffe sem þetta er epter skrifad voru 3 hangande Jnnsigle nefnel. S^r Magnusar Svartssonar, Skula Jonssonar og Magnusar Þorleifssonar, enn eitt var i burtu nefnel. Sigurdar Þorsteinssonar. Utann á Pergaments brefinu var þetta skrifad:

Anno 1664 þann 1. Julii i Logrettu á Öxarárþinge var þetta bréf upplest í Logréttu Logmonnum og Logrettumonnum aheyrande.

Sigurdur Jonsson	Thorleifur Kortson	Paall Gislason
E.h.	E.h.	m.E.h.

Landamerkjabréf fyrir Ytri- og Fremri Hrafnabjörg í Hörðudal er dagsett 18. maí 1883 og því var þinglýst 28. sama mánaðar. Þar er lýst sameiginlegum merkjum Ytri- og Fremri-Hrafnabjarga og á eftir merkjalýsingunni segir: „Eptir máldaga Hrafnabjarga af anno 1393 tuttugu geldfjár kúgilda beit í Langavatnsdal.“

Í fasteignamati Dalasýslu frá 1916–1918 kemur eftirfarandi fram í umfjöllun um Ytri-Hrafnabjörg: „Nægilegt upprekstrarland, en erfitt til notkunar.“ Þá kemur nákvæmlega hið sama fram um Fremri-Hrafnabjörg í sama fasteignamati.

Fyrir liggur kaupsamningur um vesturhluta Víðimúla, dagsettur 28. júní 1918, en Víðimúli er norðan Langavatnsdals. Í kaupsamningnum segir meðal annars:

Kaupsamningur um fjallland Hörðudalshrepps. Undirritaðir fulltrúar fyrir Hörðudalshrepp í Dalasýslu og Hjörtur Sigurðsson bóndi á Hrafnabjörgum í sama hrepp gjörum svo hljóðandi kaupsamning:

Það sem selt er, er vesturhluti Víðimúla, með þeim ummerkjum er nú (skal) greinir. Frá Sauðahrygg við Mjóadalsá í hákoll á Víðimúla, þaðan eptir há Víðimúla sem vötn deila til Hrutagilsbotns; þaðan ræður Hrutagil til Mjóadalsár; þá ræður Mjóadalsá til Sauðahryggs.

Afsal fyrir hinu selda er dagsett 22. desember 1918. Þar segir:

Með því að Hjörtur bóndi Sigurðsson á Hrafnabjörgum hefir fullnægt kaupsamningi, gjörðum 28. júní þ.á. um fjallandið Víðimúla, og nú borgað kaupverðið 260 kr. – tvö hundruð og sextíu krónur – þá afsölum við undirskrifaðir nefndu fjallandi Víðimúla frá Hörðudalshreppi til nefnds Hjartar Sigurðssonar, og hans erfingja, með þeim ummerkjum sem nefnd bréf greinir.

Bæði kaupsamningnum og afsalinu var þinglýst á manntalsþingi Hörðudalshrepps 8. júlí 1919.

Landamerkjabréf afréttarlands Borgarhrepps í Mýrasýslu er dagsett 2. nóvember 1920 og því var þinglýst 25. júní 1923. Það tekur til svæðisins sem nefnt er fjallendi Borgarhrepps í úrskurði óbyggðanefndar sem kveðinn var upp 11. október 2016. Í bréfinu er merkjum afréttarlandsins lýst og bréfið undirritað um samþykki vegna aðliggjandi landsvæða, þar á meðal Ytri-Hrafnabjarga. Við undirritun sína skrifaði Hjörtur Sigurðsson, eigandi Ytri-Hrafnabjarga, eftirfarandi athugasemd: „Samþykkur framanskriðuðum landamerkjum að öðru leyti en því að Hrafnabjörg eiga samkvæmt Hrafnabjarga máldaga tuttugu geldfjár kúgilda beit í Langavatnsdal.“ Vegna þessa ritaði Jóhann Magnússon, f.h. hreppsnefndar Borgarhrepps, eftirfarandi athugasemd í bréfið: „Ath. Hrafnabjargamáldagi getur ekki um hvoru megin á Langavatnsdal ítak Hrafnabjarga er. Ítakið er því sennilega á öllum dalnum beggja megin, eða aðeins að vestanverðu.“

Landamerkjabréf fjallendis Álftaneshrepps í Mýrasýslu er dagsett 20. júní 1923 og því var þinglýst 21. júní 1924. Þar er m.a. lýst merkjum til norðurs „[m]óti löndum Dalamanna“ og landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna bæði Fremri- og Ytri-Hrafnabjarga. Ekki er getið um beitarréttindi Hrafnabjarga á Langavatnsdal í bréfinu, hvorki í tengslum við áritanir vegna Hrafnabjarga né annars staðar.

Afsal fyrir Ytri-Hrafnabjörg er dagsett 15. desember 2000 og var þinglýst 22. desember 2000. Þar segir m.a.:

Einnig er um að ræða sölu á eyðijörðinni Ytri-Hrafnabjörgum í Dalabyggð, ásamt tilheyrandi gögnum, gæðum og hlunnindum sem jörð þeirri fylgja. [...] Jörðinni Ytri-Hrafnabjörgum fylgir fjallendi í Víðimúla skv. heimildarbréfi dags. 28.06.1918.

Í kafla um Dalasýslu í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá árinu 1947 er fjallað um Langavatnsdal. Þar segir:

Dalur sá er stór og grösugur. Slægjulönd eru þar allgóð. Munnmæli segja, að þar hafi verið byggð allt fram að Svartadauða frá landnámsöld, er Bersi hinn goðlausi hóf þar búskap og bjó að Torfhvalastöðum. Hitt þykir mér sennilegra, að þar hafi ekki haldizt byggð til lengdar, og víst er um það, að Staðarhraunskirkja á nautaupprekstur á dalinn þegar á 12. öld, og Hítardalur á þar upprekstrarland um miðja 14. öld, og fyrir 1400 er seld með Hrafnabjörgum sumarbeit (ítak) í Langavatnsdal fyrir 20 geldfjárkúgildi.

Samkvæmt því sem hér var rakið er réttinda Hrafnabjarga í Langavatnsdal fyrst getið í kaupbréfi Snorra Brandssonar og Hallsteins Jónssonar frá 31. desember 1393. Þar eru réttindin tilgreind sem tuttugu geldfjár kúgilda beit. Gildi kaupbréfsins var staðfest með dómi sex manna 16. júní 1509 og jafnframt liggur fyrir að fjórir nafngreindir menn

staðfestu með formlegum hætti 30. maí 1599 að hafa lesið kaupbréfið og dóminn. Enn fremur liggur fyrir að staðfesting þeirra á kaupbréfinu var lesin upp í Lögréttu 1. júlí 1664. Þá voru réttindin áréttuð í landamerkjabréfi Hrafnabjarga, dagsettu 18. maí 1883 og þinglýstu 28. sama mánaðar, þ.e. nærri fimm öldum eftir gerð kaupbréfsins, og í athugasemd eiganda Ytri-Hrafnabjarga við landamerkjabréf afréttarlands Borgarhrepps í Mýrasýslu sem er dagsett 2. nóvember 1920 og þinglýst 25. júní 1923. Þá er kröfum eigenda Hrafnabjarga um viðurkenningu þess að umrædd réttindi séu enn til staðar ekki mótmælt af hálfu annarra málsaðila. Þessi atriði benda til þess að Hrafnabjörgum hafi allt frá árinu 1393 tilheyrt beitarréttindi í Langavatnsdal.

Við mat á hugsanlegum réttindum Hrafnabjarga í Langavatnsdal er lega eignarlands Hrafnabjarga og afréttareignar Hrafnabjarga í Víðimúla gagnvart dalnum, auk staðhátta og gróðurfars á svæðinu, meðal þess sem kemur til skoðunar. Eins og áður segir er eignarland Hrafnabjarga aðliggjandi þjóðlendum á Langavatnsdal að norðanverðu og hið sama gildir um afréttareign Hrafnabjarga á vesturhluta Víðimúla. Syðsti hluti þessa eignarlands Hrafnabjarga er sunnan vatnaskila milli Mýra og Dala og hið sama gildir um afréttareignina í Víðimúla. Við suðurmörk eignarlandsins, næst bökkum Mjóadalsár, er land mjög vel gróið og ekki er um að ræða nein afgerandi skil í landslagi milli eignarlands Hrafnabjarga og þjóðlendunnar þar sunnan við. Ljóst er að búfé sem beitt hefur verið á þennan hluta lands Hrafnabjarga hefur átt greiða leið þaðan suður í Langavatnsdal. Þessi atriði eru til þess fallin að styðja þá ályktun sem dregin verður af fyrir- liggjandi heimildum sem raktar hafa verið um að Hrafnabjörgum hafi um aldir tilheyrt réttur til afréttarnota í Langavatnsdal.

Að teknu tilliti til þessara atriða, sem og þess sem áður segir um staðhætti á svæðinu, er að mati óbyggðanefndar nægilega í ljós leitt að Hrafnabjörgum tilheyri beitarréttindi í Langavatnsdal.

Í umræddum heimildum er réttinda Hrafnabjarga í Langavatnsdal getið með þeim hætti að ekki verður annað séð en að þau hafi verið talin tilheyra Hrafnabjörgum í heild en ekki einungis annarri af jörðunum Ytri- og Fremri-Hrafnabjörgum. Í því sambandi skal þess getið að þess sér fyrst stað í heimildum frá 18. öld að Hrafnabjörgum hafi verið skipt í þessar tvær jarðir.³ Landamerkjabréf Hrafnabjarga frá 1883 var gert síðar, án þess þó að þessi réttindi væru þar eignuð einungis annarri jörðinni. Þar er merkjum Ytri- og Fremri-Hrafnabjarga líka lýst sameiginlega, án aðgreiningar milli jarðanna. Þar á meðal er getið um „[f]jallland sem Hrafnabjörg eiga“ og merkjum þess lýst allt suður að norðurmörkum fjallendis Álftaneshrepps, sbr. nánari umfjöllun um landamerkjabréfið í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2016. Í því máli gerðu eigendur beggja Hrafnabjargajarðanna sameiginlega kröfu um að fjallland þetta væri eignarland innan nánar tilgreindra merkja. Niðurstaða óbyggðanefndar var að um eignarland væri að ræða allt suður og austur að Hrútagili en svæðið austan þess og austur að vatnaskilum,

³ Saga Hrafnabjarga er ítarlega rakin í 5. kafla úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 3/2016 sem kveðinn var upp 3. maí 2018.

þ.e. vesturhluti Víðimúla, væri þjóðlenda í sameiginlegri afréttareign eigenda Ytri-Hrafnabjarga og Fremri-Hrafnabjarga. Þau réttindi áttu rætur að rekja til áður nefndra kaupa Hjartar Sigurðssonar 1918. Þá ber athugasemd eiganda Ytri-Hrafnabjarga við landamerkjabréf afréttarlands Borgarhrepps 1920 með sér að hann hafi talið þessi réttindi tilheyra báðum Hrafnabjargajörðunum en ekki einungis Ytri-Hrafnabjörgum, enda getur hann um „Hrafnabjörg“ í því sambandi án aðgreiningar milli jarðanna.

Hvað varðar nánara inntak umræddra réttinda Hrafnabjarga eru þau tilgreind í kaupbréfinu frá 1393 sem „[t]uttugu gelldfiar kugilldabeit í Langavatnsdal“ og efnislega með sama hætti í landamerkjabréfinu frá 1883. *Kúgildi* var á fyrri tíð verðeining sem nam einu kýrverði og jafngilti jafnframt virði sex áa, loðinna og lemdra. Þá er *geldfé* skilgreint í *Íslenskri orðabók* sem sauðfé sem mjólkar ekki og í *Íslenskri nútímamáls-orðabók* Árnastofnunar sem sauðfé sem ekki eignast afkvæmi eða mjólkar ekki.⁴ Af hálfu eigenda Hrafnabjarga er lýst kröfum „til beitarréttar og hefðbundinna afréttarnota í Langavatnsdal hvort tveggja í Álftaneshreppslandi og Borgarhreppslandi“. Kröfugerðin lýtur því ekki sérstaklega að umfangi beitarréttindanna eða því að viðurkenndur verði réttur til að beita tiltekinni tegund búfjár á svæðið heldur lýtur hún að hefðbundnum afréttarnotum.

Með lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, er sveitarfélögum falin stjórn fjallskilamála. Í 7. gr. laganna kemur fram að upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags eigi allir búfjáreigendur sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði, nema þar frá sé, að fengnu samþykki jarðeiganda, gerð undantekning í fjallskilasamþykkt. Þá segir að um skyldu til að reka búfé á afrétt fari eftir því sem fyrir sé mælt í fjallskilasamþykkt. Þá eru í III. kafla laganna ákvæði um verndun beitolands og um ítölu. Á grundvelli þeirra er m.a. unnt að takmarka nýtingu afrétta að uppfylltum þeim skilyrðum sem þar koma fram. Að teknu tilliti til framangreindra atriða og kröfugerða eigenda Ytri- og Fremri-Hrafnabjarga eru að mati óbyggðanefndar ekki forsendur til að ákvarða í úrskurðinum umfang þessara réttinda Hrafnabjarga í Langavatnsdal.

Við nánari afmörkun á upprekstrarrétti Hrafnabjarga er til þess að líta að af þeim heimildum sem hér hafa verið raktar verður ráðið að hann hafi einskorðast við Langavatnsdal. Réttindin virðast hafa náð til dalsins bæði austan og vestan Langavatnsdalsár, þó svo að ekki sé getið um þau í landamerkjabréfi fjalllendis Álftaneshrepps frá 1923. Óbyggðanefnd afmarkaði þjóðlendur á fjalllendi Borgarhrepps, eins og áður segir, í fjórum hlutum og ráða vatnaskil mörkum milli annars vegar Víðidals og austurhluta Langavatnsdals ásamt Réttarmúla og Beilárvöllum, að vestanverðu, og hins vegar Hróbjargardals og vesturhluta Fossdals, að austanverðu. Þegar litið er til þessarar landfræðilegu afmörkunar Langavatnsdals og þjóðlendumarka sem óbyggðanefnd ákvarðaði á grundvelli fyrirliggjandi heimilda eru að mati nefndarinnar ekki forsendur til að úrskurða Hrafnabjörgum upprekstrarrétt lengra til austurs en að vatnaskilunum

⁴ Orðabækurnar má finna á vefjunum snara.is og málið.is.

sem ráða vesturmerkjum þjóðlendu á Hróbjargardal og vesturhluta Fossdals. Mörk þjóðlendunnar fjallendis Áftaneshrepps voru aftur á móti ákvörðuð í einu lagi, án aðgreiningar milli einstakra hluta svæðisins og hið sama gildir um afréttarmörk á svæðinu vegna upprekstrarréttar jarða í fyrrum Áftaneshreppi. Að teknu tilliti til þessa, sem og tilhögunar kröfugerða eigenda Ytri- og Fremri-Hrafnabjarga, sem ekki sæta andmælum af hálfu annarra málsaðila, eru að mati óbyggðanefndar ekki forsendur til að afmarka upprekstrarrétt vegna þessara jarða innan þjóðlendunnar með öðrum hætti en að ytri mörk hennar ráði.

Fjalllendi Áftaneshrepps og fjallendi Borgarhrepps eru í Borgarbyggð en Ytri- og Fremri-Hrafnabjörg eru í Dalabyggð. Fjallendi Áftaneshrepps er eins og áður segir afréttur jarða í fyrrum Áftaneshreppi, nú Borgarbyggð, en Víðidalur og austurhluti Langavatnsdals ásamt Réttarmúla og Beilárvöllum (hvort tveggja innan fjallendis Borgarhrepps) eru afréttir jarða í fyrrum Borgarhreppi, nú Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, þ.e. samnotaafréttir, samkvæmt úrskurði sem óbyggðanefnd kvað upp í málinu 11. október 2016. Að vestanverðu er Langavatnsdalur því undirorpinn upprekstrarrétti sem tilheyrir jörðum í fyrrum Áftaneshreppi og að austanverðu sams konar rétti sem tilheyrir jörðum í fyrrum Borgarhreppi. Sá upprekstrarréttur sem tilheyrir Hrafnabjörgum kemur til viðbótar þeim rétti sem tilheyrir þessum jörðum. Að mati óbyggðanefndar eru ekki forsendur til annars en að telja að um sams konar réttindi sé að ræða. Borgarbyggð fer eftir sem áður með stjórn fjallskilamála á svæðinu, enda Langavatnsdalur innan staðarmarka sveitarfélagsins.

Samkvæmt því sem að framan er rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að að fjallendi Áftaneshrepps sé afréttur Ytri-Hrafnabjarga og Fremri-Hrafnabjarga, auk jarða í fyrrum Áftaneshreppi, nú Borgarbyggð, og Víðidalur og austurhluti Langavatnsdals ásamt Réttarmúla og Beilárvöllum séu afréttir Ytri-Hrafnabjarga og Fremri-Hrafnabjarga, auk jarða í fyrrum Borgarhreppi, nú Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Að öðru leyti stendur úrskurður óbyggðanefndar frá 11. október 2016 óbreyttur, sbr. einnig úrskurð í málinu enduruppteknu 3. maí 2018.

3.3 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu. Borgarbyggð og eigandi Ytri-Hrafnabjarga nutu aðstoðar sama lögmanns við meðferð málsins og á grundvelli framlagðs málskostnaðaryfirlits eru ekki forsendur til að greina þar á milli í úrskurði um málskostnað. Í því sambandi skal þó tekið fram að með úrskurði nefndarinnar í málinu sem kveðinn var upp 11. október 2016 voru eiganda Ytri-Hrafnabjarga

ákvarðaðar 100.000 kr. vegna vinnu lögmanns hans að málinu fram til þess tíma. Eigendur Fremri-Hrafnabjarga sáu aftur á móti sjálfir um hagsmunagæslu sína og veittu nefndinni upplýsingar um að þeir hefðu ekki borið kostnað vegna hennar. Hér er því einungis úrskurðaður málskostnaður til Borgarbyggðar og eiganda Ytri-Hrafnabjarga. Fjárhæðir úrskurðaðs málskostnaðar eru tilgreindar án virðisaukaskatts í úrskurðarorðum.

4 ÚRSKURÐARORÐ

Veiðiréttur fyrir norðurbakka Langár, frá Skarðsheiðarvaði að stíflunni við Langavatn, tilheyrir Borgarbyggð, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. Þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

Fjalllendi Álftaneshrepps er afréttur jarða í fyrrum Álftaneshreppi, nú Borgarbyggð, auk jarðanna Ytri-Hrafnabjarga og Fremri-Hrafnabjarga í Dalabyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Víðidalur er afréttur jarða í fyrrum Borgarhreppi, nú Borgarbyggð, auk jarðanna Ytri-Hrafnabjarga og Fremri-Hrafnabjarga í Dalabyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Austurhluti Langavatnsdals ásamt Réttarmúla og Beilárvöllum er afréttur jarða í fyrrum Borgarhreppi, nú Borgarbyggð, auk jarðanna Ytri-Hrafnabjarga og Fremri-Hrafnabjarga í Dalabyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Að öðru leyti stendur úrskurður óbyggðanefndar frá 11. október 2016 óbreyttur, sbr. einnig úrskurð í málinu enduruppteknu 3. maí 2018.

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjanda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Friðbjörns Garðarssonar lögmanns: Sveitarfélagið Borgarbyggð vegna fjallendis Álftaneshrepps og fjallendis Borgarhrepps og Guðmundur Freyr Geirsson vegna Ytri-Hrafnabjarga: samtals 400.000 kr.

Ása Ólafsdóttir

Allan Vagn Magnússon

Hulda Árnadóttir

FYLGISKJAL: SKJALASKRÁ*

Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni lögmanni vegna veiðiréttar Borgarbyggðar í Langá:

18		Bréf, dags. 14.12.2018. Beiðni um leiðréttingu eða endurupptöku máls nr. 1/2014.
	18(1)	Samþykkt fyrir Veiðifélag Langár og Urriðaár, nr. 1355/2007. Fylgiskjal 1 með skjali nr. 18.
	18(2)	Arðskrá fyrir Langárdeild Veiðifélags Langár og Urriðaár, dags. 30.5.1997. Fylgiskjal 2 með skjali nr. 18.
	18(3)	Arðskrá fyrir Langárdeild Veiðifélags Langár og Urriðaár, dags. 4.2.2009. Fylgiskjal 3 með skjali nr. 18.
	18(4)	Yfirlýsing Jóhannesar M. Þórðarsonar, fv. oddvita Álfthaneshrepps, um veiðiréttindi, dags. 25.11.[2018]. Fylgiskjal 4 með skjali nr. 18.
	18(5)	Samþykkt fyrir Veiðifélag Langavatns, Mýrasýslu, nr. 152/1987. Fylgiskjal 5 með skjali nr. 18.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.):

	2(333) a–b	Staðfest afrit ýmissa skjala er varða Hrafnabjörg á árabílinu 1393–1903. Afrit af kaupsamningi vegna sölu Snorra Brandssonar á Hrafnabjörgum til séra Hallsteins Jónssonar árið 1393, afrit af skjali er varðar dómsuppkvaðningu, dags. 16.6.1509, afrit af skjali sem er meðkenning nafngreindra manna, dags. 30.5.1599, á því að þeir hafi séð, samanborið og yfirlésið frumrit af fyrrgreindu bréfi frá 16.6.1509, afrit af staðfestingu á upplestri bréfsins frá 30.5.1599, sem fram fór á Öxarárþingi þann 1.7.1664, afrit af staðfestingu á upplestri bréfsins frá 30.5.1599 fyrir rétti höldnum að Blönduhlíð þann 18.5.1779 og staðfesting Jóns Þorkelssonar, þjóðskjalavarðar, dags. 15.10.1903, á að framangreind afrit séu samhljóða frumritum. Merkt 3 a–g. Einnig merkt skjal nr. 2(73) a–b í máli nr. 3/2016.
--	---------------	---

Annað:

	19(1)	Bréf frá óbyggðanefnd til lögmanns íslenska ríkisins, dags. 3.12.2018. Beiðni um afstöðu íslenska ríkisins til endurupptöku máls nr. 1/2014.
	19(2)	Bréf frá óbyggðanefnd til lögmanns Borgarbyggðar og Ytri-Hrafnabjarga, dags. 14.12.2018. Svar við beiðni um leiðréttingu eða endurupptöku máls nr. 1/2014.
	19(3)	Bréf frá lögmanni íslenska ríkisins til óbyggðanefndar, dags. 4.1.2019. Svar við bréfi um afstöðu íslenska ríkisins til endurupptöku máls nr. 1/2014.
	19(4)	Bréf frá óbyggðanefnd til lögmanns íslenska ríkisins, dags. 14.3.2019, um framhald endurupptekins máls nr. 1/2014.
	19(5)	Bréf frá óbyggðanefnd til lögmanns Borgarbyggðar og Ytri-Hrafnabjarga, dags. 14.3.2019, um framhald endurupptekins máls nr. 1/2014.
	19(6)	Tvö samhljóða bréf til eigenda Fremri-Hrafnabjarga, dags. 10.4.2019, um meðferð endurupptekins máls nr. 1/2014 og hugsanleg réttindi Fremri-Hrafnabjarga, ásamt þremur fylgiskjöllum: 1) Kröfufylsingu f.h. eigenda Ytri-Hrafnabjarga, dags. 14.7.2015. 2) Afriti úr Íslensku fornbréfasafni af kaupbréfi séra Hallsteins Jónssonar og Snorra Brandssonar fyrir Hrafnabjörgum og Laugum, dags. 31.12.1393. 3) Landamerkjaskrá fyrir Hrafnabjörgum ytri og Hrafnabjörgum fremri, dags. 18.5.1885, þinglýst 28.5.1885. Einnig fylgibréf með afritum til lögmannanna annarra málsaðila.
	19(7)	Bréf frá eigendum Fremri-Hrafnabjarga, dags. 24.4.2019, um aðild að enduruppteknu máli nr. 1/2014.

* Viðbót við fyrri skjalaskrá sem er fylgiskjal III með úrskurði í málinu uppkveðnum 11. október 2016.